

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B32-35

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Mínniháttar gallar á bls. 378, 380, 382, og 384.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 32-35

Nr. 276-309

2005

Efnisyfirlit B 32–35 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
276	9. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014, Selás, Rangárþingi ytra	369
277	7. mars	Reglugerð um söfnunarkassa	369-371
278	8. mars	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík og leiðrétting á auglýsingu sem birtist þann 18. febrúar 2005	372
279	8. mars	Gjaldskrá vegna framkvæmdar á samningi um alþjóðaverzlun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu	373-374
280	14. mars	Reglugerð um slysatryggingar við heimilisstörf	375-376
281	14. mars	Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 791/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	376
282	11. mars	Samþykkt um fráveitu í Garðabæ	377-380
283	11. mars	Reglugerð um litun á gas- og dísilöflu	380-385
284	9. mars	Reglugerð um niðurgreiðslur húshitunar	386-391
285	2. mars	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 2003-2023	391
286	8. mars	Samþykkt um stjórn Húsavíkurbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar	392-406
287	1. mars	Hafnarreglugerð fyrir Hafnasamlag Norðurlands bs.	406-411
288	1. mars	Auglýsing um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit	411
289	2. mars	Reglugerð um merkingar búfjár	412-419
290	23. feb.	Hafnarreglugerð fyrir Þorlákshöfn	420-423
291	2. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014, Hrífunes	424
292	23. feb.	Hafnarreglugerð fyrir Djúpavogshöfn	424-428
293	23. feb.	Hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðabyggðar	428-433
294	23. feb.	Hafnarreglugerð fyrir Grindavíkurhöfn	433-437
295	23. feb.	Hafnarreglugerð fyrir Borgarfjarðarhöfn	437-440
296	25. feb.	Reglur um meistaranám við Háskóla Íslands í umhverfis- og auðlindafræðum	440-444
297	3. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Hornafirði árið 2005	445
298	19. feb.	Gjaldskrá fyrir almenna sorphirðu og förgun úrgangs frá fyrirtækjum í Hörgárbyggð	446
299	7. mars	Auglýsing um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg	446
300	8. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 506/1997	447
301	3. mars	Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa á Fljótsdalshéraði	447-448
302	7. mars	Auglýsing um breytingu á námskrá fyrir sérdeildir framhaldsskóla, starfsbrautir	448-450
303	7. mars	Auglýsing um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum	450-451

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 – 2005

9. mars 2005

369

Nr. 276

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014, Selás, Rangárþingi ytra.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. mars 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að 20 ha landbúnaðarsvæði í landi Seláss (fyrrum landi Pulu í Holtum) verður svæði fyrir íbúðarbyggð með hesthúsum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 9. mars 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

7. mars 2005

Nr. 277

REGLUGERÐ

um söfnunarkassa.

1. gr.

Heimild til að reka söfnunarkassa.

Íslenskum söfnunarkössum, sem er félag í eigu Rauða kross Íslands, Samtaka áhuga-fólks um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélagsins Landsbjargar, er heimilt að reka allt að 650 söfnunarkassa með peningavinningum, sbr. lög nr. 73 19. maí 1994. Félaginu er heimilt að reka starfsemi sína undir heitinu Íslandsspil.

Íslenskum söfnunarkössum er skylt að tilkynna dóms- og kirkjumálaráðuneytinu um nýja söfnunarkassa og nýja leiki hverju sinni.

2. gr.

Um söfnunarkassa.

Söfnunarkassi skal vera sjálfstæð eining, hvorki sambyggð við aðrar spilavélar né sam-tengd öðrum spilavélum, og má ekki mynda sameiginlegan vinningspott með öðrum vélum eða spilakerfum.

Söfnunarkassi skal vera merktur Íslenskum söfnunarkössum og bera raðnúmer. Kassinn skal bera með sér til hvaða starfsemi söfnunarfé rennur.

Á söfnunarkassa skal koma fram aldurslágmark til þátttöku í spili og áminning um að yngri þátttakendur en 18 ára eigi ekki tilkall til vinnings.

3. gr.

Öryggiskröfur.

Söfnunarkassi skal vera búinn rafrænum teljarabúnaði og skrá allar færslur. Með teljarabúnaðinum skal skrá heildarframlög í söfnunarkassa og útborgaða vinninga.

Ef söfnunarkassi er núllstilltur skal halda skrá yfir loka- og upphafstölur.

4. gr.

Staðsetning.

Heimilt er að reka söfnunarkassa á eftirtöldum stöðum:

- a. Í söluturnum, verslunum, áningarstöðum, umferðarmiðstöðvum, veitingastöðum, spilasölum og öðrum sambærilegum stöðum.
- b. Á vínveitingastöðum og spilasölum.

Aðeins má staðsetja söfnunarkassa þar sem unnt er að koma við virku eftirliti með kössunum. Þar skal vera búnaður sem tryggir að unnt sé að slökkva á söfnunarkassa ef þörf er talin á.

Tilkynna skal lögreglustjóra um staðsetningu söfnunarkassa viku áður en kassi er settur upp og viku eftir að hann er fjarlægður.

5. gr.

Aðgangur að söfnunarkössum.

Aðgangur að söfnunarkössum skal takmarkaður við einstaklinga sem náð hafa 18 ára aldri. Yngri þátttakendur eiga ekki tilkall til vinnings úr kössunum.

Á hverjum stað þar sem söfnunarkassi er í notkun skal vera umsjónarmaður sem þátttakendur geta snúið sér til. Umsjónarmaður kassanna á hverjum stað skal halda uppi fullnægjandi eftirliti með aldri þátttakenda.

6. gr.

Framlag.

Þátttaka í leik, sem forritaður er í söfnunarkassa, felst í því að notandi söfnunarkassans greiðir að lágmarki eina einingu fyrir hvern leik. Einingin getur verið 1 kr., 2 kr., 5 kr., 10 kr., 25 kr. eða 50 kr. Greinilega skal koma fram á söfnunarkössunum hver sé grunneining leiks.

Hámarksfjárhæð sem hægt er að nota í hverjum einstökum leik á stöðum skv. a-lið 1. mgr. 4. gr. er 150 kr. og 300 kr. á stöðum skv. b-lið 1. mgr. 4. gr.

Í söfnunarkassana er heimilt að nota íslenska mynt og seðla sem í gildi eru á hverjum tíma.

Lengd hvers leiks má þó aldrei vera skemmri en 2 sekúndur.

7. gr.

Vinningar.

Vinningshlutfall söfnunarkassanna skal vera að lágmarki 89% af verðmæti innborgaðra leikja.

Vinningur skal á stöðum skv. a-lið 1. mgr. 4. gr. vera að hámarki 10.000 kr., en á stöðum skv. b-lið 1. mgr. 4. gr. að hámarki 100.000 kr.

Á hverjum söfnunarkassa skal koma fram vinningaskrá sem sýnir með greinilegum hætti hverjir vinningar eru.

Vinningar skulu vera skilgreindir með samstæðum merkja, tölustafa og spila.

8. gr.

Útborgun vinnings.

Vinningshafi skal að jafnaði fá vinning sinn greiddan úr söfnunarkassa á sjálfvirkan hátt, með mynt eða útprentuðum miða. Nú eru ekki nægilega margir peningar í söfnunarkassa til að greiða út vinning, eða aðrir tálmar eru á því að vinningur verði greiddur, og skal þá umsjónarmaður greiða út vinning eða láta vinningshafa í té skilríki sem hann getur framvísað hjá Íslenskum söfnunarkössum til greiðslu.

Vinningur verður hvorki greiddur út til þátttakanda, sem ekki hefur leyfi til að leggja fram fé í söfnunarkassa, né forráðamanns hans í hans stað.

Vinningsmiðar eru eingöngu greiddir á útgáfustað eða á skrifstofu Íslenskra söfnunarkassa. Vinningur er gildur í eitt ár frá útgáfu hans, en fæst aðeins greiddur á útgáfustað í 30 daga frá útgáfu hans.

9. gr.

Tölvukerfi.

Íslenskir söfnunarkassar skulu reka tölvukerfi sem heldur utan um allar mælastöður og fjárhagsupplýsingar hvers kassa. Jafnframt skal halda utan um staðsetningar og ferilskrá allra kassa ásamt raðnúmeri (framleiðslunúmeri) þeirra.

Tölvukerfi skal tryggja að hægt sé að:

- a. fylgjast með að skilyrðum 1. mgr. 7. gr. um vinningshlutfall sé fullnægt,
- b. fylgjast með fjölda kassa í notkun á hverjum tíma,
- c. skoða staðsetningar og ferilskrá einstakra kassa,
- d. fá hvenær sem er útprentun á þeim upplýsingum sem geymdar eru í tölvukerfinu.

10. gr.

Eftirlit.

Íslenskir söfnunarkassar skulu bera kostnað af eftirliti með því að starfræksla söfnunarkassa sé í samræmi við lög og reglugerð þessa.

Dóms- og kirkjumálaráðherra skipar eftirlitsaðila til að yfirfara söfnunarkassa og leiki og sinna eftirliti með þeim. Jafnframt skipar ráðherra eftirlitsaðila til að gera úttekt á og fylgjast með miðlægu tölvukerfi skv. 9. gr.

Eftirlitsaðili skal skila vottorðum sínum og skýrslum til dóms- og kirkjumálaráðuneytis svo oft sem þurfa þykir, samkvæmt nánari ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðherra. Ráðherra setur eftirlitsaðila nánari fyrirmæli um störf hans og framkvæmd eftirlitsins.

Íslenskir söfnunarkassar skulu veita dóms- og kirkjumálaráðuneyti, eftirlitsaðilum og lögreglu aðgang að nauðsynlegum gögnum svo unnt sé að hafa eftirlit með söfnunarkössum, spilum og miðlægu tölvukerfi.

Íslenskir söfnunarkassar skulu skila dóms- og kirkjumálaráðuneytinu ársreikningi. Með ársreikningi ber meðal annars að skila upplýsingum um heildarfjárhæð framlaga í söfnunarkassa, upphæð vinningsa sem spilað er fyrir, útgreidda vinninga, heildarveltu og tekjur af söfnunarkössum.

11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 4. gr. laga um söfnunarkassa nr. 73/1994, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. mars 2005.

Björn Bjarnason.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík og leiðrétting á auglýsingu sem birtist þann 18. febrúar 2005.

Jaðarsel (Lambasel) leiðrétting.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 3. febrúar 2005 nýtt deiliskipulag fyrir Jaðarsel, svæði milli Lækjarsels og Kambasels sem fengið hefur nafnið Lambasel.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Suðurhólar 35.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 24. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Breiðholt 3, vegna Suðurhóla 35.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hlíðarendi, Valur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 3. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hlíðarenda, íþróttasvæði Vals.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reyrengr 49 – 59.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti Skipulagsráð Reykjavíkur, þann 23. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgarholt II, Engjahverfi, hluti B vegna Reyrengr 49 – 59.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grafarlækur, Stekkjarmóar, Djúpidalur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 23. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarlæk, Stekkjarmóa, Djúpadal.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hálsasel 27 – 29.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 12. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Seljahverfi vegna lóðarinnar Hálsasel 27 – 29.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 8. mars 2005.

Helga Bragadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 2005

8. mars 2005

373

Nr. 279

GJALDSKRÁ

vegna framkvæmdar á samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.

1. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald samkvæmt gjaldskrá þessari sem nemur kr. 6.500 fyrir sérfræðing og 4.000 fyrir fagritara á hverja klukkustund fyrir útgáfu leyfa og vottorða vegna verslunar með dýr eða plöntur sem heyra undir lög nr. 85/2000 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, hér eftir nefndur samningurinn.

Innflutningsleyfi.

2. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna vinnu við umsóknir um leyfi til innflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. og II. viðauka samningsins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 993/2004 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Gjaldið er kr. 8.500.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

Útflutningsleyfi.

3. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna vinnu við umsóknir um leyfi til útflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. til III. viðauka samningsins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 993/2004 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Gjaldið er kr. 8.500.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

Endurútflytninguleyfi.

4. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna vinnu við umsóknir um leyfi til endurútflytninga á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. til III. viðauka samningsins sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 993/2004 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Gjaldið er kr. 8.500.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

Vottorð um aðflytning úr sjó.

5. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði við útgáfu vottorða um aðflytning úr sjó fyrir tiltekinn fjölda eintaka eða magn tegundar sem taldar eru upp í I. til III. viðauka samningsins sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 993/2004 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Gjaldið er kr. 8.500.

Sé útgáfa vottorðs umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa vottorðs hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu vottorðs liggur fyrir.

Innheimta.

6. gr.

Reikningur skal gefinn út að verki loknu nema annað sé sérstaklega tekið fram í gjaldskrá þessari.

Eindagi gjalda skv. gjaldskrá þessari er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

Lagastoð o.fl.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 85/2000 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjaldskráin öðlast gildi 15. mars 2005.

Umhverfisráðuneytinu, 8. mars 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 – 2005

14. mars 2005

375

Nr. 280

REGLUGERÐ

um slysatryggingar við heimilisstörf.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um slysatryggingu við heimilisstörf samkvæmt 25. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993.

Sá sem fyllir út viðeigandi reit á skattframtali í byrjun árs telst slysatryggður við heimilisstörf frá 1. ágúst það ár til 31. júlí árið eftir, enda hafi skattframtalinu verið skilað til skattfirvalda innan lögbundins frests.

Ekki er unnt að óska eftir slysatryggingu við heimilisstörf eftir að skattfirvöld hafa mótttekið skattskýrslu.

2. gr.

Slysatryggingin nær til heimilisstarfa, sbr. 3. gr., sem innt eru af hendi hér á landi sem hér segir:

1. Á heimili hins tryggða.
2. Í bílskúr og geymslum við heimili hins tryggða.
3. Í afmörkuðum garði umhverfis heimili hins tryggða.
4. Í sumarbústað þar sem hinn tryggði dvelur.

3. gr.

Til heimilisstarfa í reglugerð þessari teljast eftirtalin störf, séu þau ekki liður í atvinnu- starfsemi hins tryggða:

1. Hefðbundin heimilisstörf, svo sem matseld og þrif.
2. Umönnun sjúkra, aldraðra og barna.
3. Almenn viðhaldsverkefni, svo sem málning innanhúss og minni háttar viðgerðir. Með minni háttar viðgerðum er átt við einfaldar viðgerðir með einföldum og hættulitlum verkfærum sem almennt má gera ráð fyrir að séu til á flestum heimilum og viðgerðirnar séu á færi flestra að sinna.
4. Hefðbundin garðyrkjustörf.

4. gr.

Undanskilin slysatryggingu við heimilisstörf eru m.a.:

1. Slys sem hinn tryggði verður fyrir við aðrar viðhaldsframkvæmdir en taldar eru í 3. tl. 3. gr., svo sem múrbrot, uppsetningu innréttinga, lagningu gólfefna, málningu utanhúss, bílaviðgerðir og aðrar viðhaldsframkvæmdir þar sem notuð eru verkfæri sem stafað getur hætta af, svo sem rafknúnar sagir.
2. Slys sem hinn tryggði verður fyrir við ýmsar daglegar athafnir sem ekki teljast til hefðbundinna heimilisstarfa, svo sem að klæða sig og baða, borða, svara í síma og sækja póst.
3. Slys sem hinn tryggði verður fyrir á ferðalögum, svo sem í tjaldi, hjólhýsi og á hóteli.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett með stoð í 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 15. mars 2005. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma reglur nr. 527/1995 um slysatryggingar við heimilisstörf.

Trygging þeirra sem hafa slysatryggt sig við heimilisstörf á skattframtali 2004 fram-
lengist sjálfkrafa til 31. júlí 2005, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. reglna nr. 527/1995.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. mars 2005.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 791/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á gulrótum og næpum í 2. gr. reglugerðarinnar:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0706.1000	Gulrætur og næpur	16.03.05-30.06.05	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. mars 2005.

F. h. r.
Niels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um fráveitu í Garðabæ.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu í Garðabæ en jafnframt gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Um fráveitur.

2. gr.

Garðabær starfrækir fráveitu í sveitarfélaginu. Fráveita Garðabæjar er rekin sem B-hluta fyrirtæki, með sjálfstæðan fjárhag, í eigu sveitarfélagsins. Rekstur hennar og framkvæmdir eru kostaðar af eigin tekjum af fráveitu- og rotþróagjöldum eða lántökum eftir því sem bæjarstjórn ákveður á fjárhagsáætlun.

Tækni- og umhverfissvið Garðabæjar fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitna sveitarfélagsins í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Fráveita Garðabæjar veitir fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Fráveita Garðabæjar á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar, þrýstilagnir, hreinsistöðvar og settjarnir ásamt hverfisrotþróum og viðeigandi siturlögnum og sandsíum.

4. gr.

Þar sem fráveita Garðabæjar nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Tækni- og umhverfissvið sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að safnbrunni með sjálfvirkum dælubúnaði sem dælir fráveituvatninu frá honum í fráveitu sveitarfélagsins. Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

7. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiddslur eða í safntank. Rotþró, safntankur og lagnir

eru eign húseiganda sem kostar niðursetningu og annan frágang svo og viðhald þeirra en bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar.

Umsókn um rotþró eða safntank skal senda byggingarfulltrúa Garðabæjar. Umsókn skal fylgja sérteikning sem sýnir gerð og staðsetningu. Með umsókn skal fylgja umsögn heilbrigðisfulltrúa sem kveður á um að fylgt sé reglum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rotþró skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar. Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum skv. nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

Hreinsun fer fram á vegum Garðabæjar og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar.

8. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseignar við fráveitu sveitarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró skal sækja um það til Fráveitu Garðabæjar á þar til gerðum eyðublöðum.

Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins.

9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma. Á afstöðumynd skal sýna staðsetningu mengunarvarnabúnaðar vegna iðnaðarskólps sbr. 12. gr.

10. gr.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum.

Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki og stuðla að rétttri virkni rotþróa og mengunarvarnabúnaðar þar sem það á við.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olfur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins.

Iðnaðarskólp sem veitt er í fráveitu sveitarfélagsins skal forhreinsað og getur sveitarfélagið sett fram viðmiðunarmörk vegna þess til að tryggja að tilskilin markmið náist sbr. lið C í viðauka I í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settum samkvæmt þeim.

13. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um frá-ræslagnir frá húseigendum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir einstreymislökum á fráveitulögn eða sjálfvirkum flóðlökum við gólfniðurföll.

Um fráveitu- og rotþróargjald.

14. gr.

Garðabæ skal heimilt að innheimta stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

15. gr.

Af þeim fasteignum í Garðabæ sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við rekstur fráveitu sveitarfélagsins.

16. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

17. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af skráðum eiganda húsa eða annarra mannvirkja á leigulóðum og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fráveitugjaldið innheimtist á sama hátt og önnur fasteignagjöld til sveitarfélagsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

18. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda. Miðað skal við að rotþró við íbúðarhús verði hreinsuð að jafnaði annað hvert ár.

Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarfélagsins.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús eða safntank er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

19. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er bæjarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekjulfilla elli- og örorkulífeyrisþega.

20. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og vatnalögum nr. 15/1923. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

21. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefnd og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. mars 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um litun á gas- og dísilolíu.

I. KAFLI

Skilgreiningar og gildissvið.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

Blöndunarbúnaður: Viðurkenndur litunarbúnaður sem settur er upp í tengslum við blöndun litunarefnis saman við gas- og dísilolíu.

Faggilt prófunarstofa: Prófunarstofa sem hefur verið faggilt sbr. IV. kafla laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu, með síðari breytingum.

Gas- og dísilólía: Gas- og dísilólía sem flokkast í tollskrárnúmer 2710.1930 og nothæf er sem eldsneyti á ökutæki, þó ekki skipagasólía sem notuð er á kaupskip, varðskip og öll skip til atvinnurekstrar sem eru með skráningarlengd 6 metrar og lengri. Hugtakið nær jafnframt til olíu í öðrum tollskrárnúmerum sem blönduð hefur verið gjaldskyldri olíu, enda séu blöndurnar nothæfar sem eldsneyti á ökutæki.

Leyfishafar: Aðilar sem fengið hafa leyfi ríkisskattstjóra til að meðhöndla olíu sem gjaldskyld er skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., og bæta litar- og merkiefnum í gas- og dísilolíu vegna sölu eða afhendingar án gjalds, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Lituð olía: Gas- og dísilólía sem litunarefnum hefur verið bætt í.

Litun: Sú aðgerð að bæta litunarefnum í gas- og dísilolíu.

Litunarbúnaður: Viðurkenndur búnaður sem notaður er til að blanda litunarefni saman við gas- og dísilólú.

Litunarefni: Merkiefni og litarefni.

2. gr.

Aðilar undanþegnir gjaldskyldu.

Til aðgreiningar frá gas- og dísilólú sem ber olúgjald samkvæmt lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., skal bæta litunarefnum í gas- og dísilólú, í eftirfarandi tilvikum:

1. til nota á skip og báta,
2. til húshitunar og hitunar almenningssundlauga,
3. til nota í iðnaði og á vinnuvélar,
4. til nota á dráttarvélar í landbúnaði,
5. til raforkuframleiðslu,
6. til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota og falla undir vörulið 8705 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987,
7. til nota á vörubifreiðar með krana yfir 25 tonnmetrum.

Skipagasolía sem notuð er á kaupskip, varðskip og öll skip til atvinnurekstrar sem eru með skráningarlengd 6 metrar og lengri, fellur ekki undir gjaldskyldusvið laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., og er því undanþegin litun samkvæmt þessari reglugerð.

3. gr.

Litunarefni.

Litunarefnið samanstendur af einu litarefni og einu merkingarefni.

Sem merkiefni skal nota N-Ethyl-N[2(1-isobutoxyethoxy)ethyl]-4-(phenylazo)anilin (Solvent Yellow 124), og sem litarefni skal nota sérstaka útgáfu af 1,4-bis-N-dialkylaminoathraquinon blöndunarefni með alkylhópunum 2-ethylhexyl, 3-(2-ethylhexyloxy) propyl og 3-menthoxypropyl (sérstök útgáfa af C.I. Solvent Blue 79 með CAS 90170-70-0). Merkiefnið og litarefnið kallast hér eftir litunarefni. Ekki má bæta öðrum litar- eða merkingarvörum í olíuvörur.

Litaða olíu má ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilvikum en lýst er í 1. mgr. 2. gr.

Litar- og/eða merkiefni má hvorki fjarlægja að öllu leyti né að hluta. Blöndun litaðrar olíu og annarrar olíu eða vöru er óheimil, sbr. þó 4. mgr. 11. gr.

II. KAFLI

Blöndun.

4. gr.

Blanda skal einni einingu af litunarefni í 10.000 einingar af gas- og dísilólú. Ríkisskattstjóri getur veitt heimild til annars konar blöndunar.

Litunarefnið skal vera samsett af eftirfarandi efnum, leystum upp í uppleysiefni við háan suðupunkt þannig að magn efna í einum lítra olíu sem blönduð hefur verið í samræmi við 1. mgr. sé:

- 1) 0,0065 g N-Ethyl-N-[2-(1-isobutoxyethoxy)ethyl]-4-(phenylazo)anilin (Solvent Yellow 124) og
- 2) 1,4-bis-N-dialkylaminoathraquinon blöndunarefni með alkylhópunum 2-ethylhexyl, 3-(2-ethylhexyloxy) propyl og 3-menthoxypropyl (sérstök útgáfa af C.I. Solvent Blue 79 með CAS 90170-70-0) í því magni sem gefur sama litastyrk mældan spektrofotó-

metrískt við 640-650 nm og 0,0050 g/l 1,4-N-bis(butylamino)anthraquinon (C.I. Solvent Blue 35).

Litunarefnið skal blandað þannig að innihald litarefna og merkiefna fari hvorki yfir né undir 10% af því sem gefið er upp að litaða olían skuli innihalda.

Afhenda skal minnst 200 lítra af litaðri olíu í einu, úr blöndunarbúnaði.

5. gr.

Sýnatökur.

Ríkisskattstjóra er heimilt að óska eftir því að faggilt prófunarstofa staðfesti að sýni af litunarefni uppfylli ákvæði 3. gr. og 4. gr.

III. KAFLI

Leyfi til litunar og samþykkt búnaðar.

6. gr.

Leyfi til litunar.

Þeim einum sem fengið hafa tilskilin leyfi frá ríkisskattstjóra er heimilt að meðhöndla olíu sem gjaldskyld er skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., og bæta litar- og merkiefnum í gas- og dísilolíu vegna sölu eða afhendingar án gjalds.

Með umsókn til ríkisskattstjóra, skv. 1. mgr., skal fylgja staðfesting Löggildingarstofu á að búnaður hafi verið viðurkenndur af þar til bærum aðila og uppfylli skilyrði reglugerðar þessarar.

Hafi breytingar eða viðbætur við viðurkenndan búnað áhrif á virkni litunarbúnaðarins skal lýsa þeim í umsókn og þurfa þær að hljóta staðfestingu frá Löggildingarstofu.

7. gr.

Kröfur til litunarbúnaðar.

Litunarbúnaður, hvort sem um er að ræða litun frá tankbíl, litun í birgðastöð eða annars konar litun, skal hafa hlotið viðurkenningu frá lögbærum yfirvöldum í því landi þar sem litunarbúnaður er framleiddur. Löggildingarstofa staðfestir að litunarbúnaður hafi hlotið viðurkenningu frá þar til bærum aðila.

Litunarbúnaðurinn skal vera samsettur af blöndunarbúnaði og stýribúnaði, nema ríkisskattstjóri heimili annað vegna sérstakra aðstæðna. Með beiðni um staðfestingu frá Löggildingarstofu, sbr. 6. gr., skal fylgja lýsing á litunarbúnaði. Með beiðni um staðfestingu frá Löggildingarstofu skal jafnframt leggja fram gæðahandbók vegna viðhalds á litunarbúnaðinum þar sem fram kemur hvernig staðið verður að viðhaldi og eftirliti með búnaðinum.

8. gr.

Uppsetning og prófun á litunarbúnaði.

Litunarbúnað skal prófa áður en hann er tekinn í notkun og uppsetning hans skal vottuð af faggiltri prófunarstofu. Á vegum Löggildingarstofu skal litunarbúnaður prófaður með reglulegu millibili, a.m.k. á tveggja ára fresti.

9. gr.

Sérreglur um litun frá tankbíl.

Auk ákvæða 7. og 8. gr. gilda eftirfarandi reglur um litun frá tankbíl.

Litunarbúnað á tankbílum skal setja upp í grunnkerfi bifreiðarinnar. Beintengja skal blöndunarbúnaðinn í dælubúnað fyrir litaða olíu, sem þannig sprautar litunarefni í olúna. Dæla, skynjarar fyrir ventilloka o.fl. skal vera innbyggt í lokað hólfi eða rými með dyralæs-

ingu. Ef sami dælubúnaður er notaður til að afhenda bæði litaða og ólitaða olíu er skylt að koma á fót kerfi sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 11. gr.

10. gr.

Aðgengi að litunarbúnaði.

Eingöngu má veita ábyrgum starfsmanni leyfishafa sem ekki vinnur við afhendingu á olíu, aðgang að stýrikerfi litunarbúnaðarins.

Stýrikerfi litunarbúnaðar skal innsigla. Ríkisskattstjóri setur reglur um innsiglan á stýrikerfi litunarbúnaðar.

IV. KAFLI

Geymsla á litaðri olíu og afhending á litaðri og ólitaðri olíu.

11. gr.

Geymsla og afhending.

Búnað, tanka o.fl. sem leyfishafar nota til geymslu á litaðri olíu, má ekki nota til að geyma aðra vöru. Ef breyta á notkun tankanna o.fl. til geymslu á annarri vöru, skulu þeir tæmdir af litaðri olíu og hreinsaðir ef þess þarf til að uppfylla ákvæði 4. mgr.

Leyfishafar geta afhent bæði litaða og ólitaða olíu úr mismunandi geymsluhólfum sama tankbíls án þess að hvert geymsluhólf fyrir sig sé með aðskilinn dælubúnað.

Leyfishafar sem afhenda bæði litaða og ólitaða olíu í gegnum sama dælubúnað frá litunarbúnaði tankbíls, skulu setja upp kerfi, þ.m.t. skolunarkerfi eða kerfi sem tryggir það að ólituð olía innihaldi ekki meira af litunarefni en kveðið er á um í 4. mgr., og að lituð olía sé réttilega lituð, sbr. 4. gr.

Ólituð olía má að hámarki innihalda 3% af litaðri olíu, án þess að verða talin lituð olía.

12. gr.

Mistök við afgreiðslu.

Ef lituð olía er afgreidd vegna mistaka á ökutæki sem fellur ekki undir 2. gr. skal leiðrétta þá afgreiðslu og tæma og hreinsa eldsneytistank eða geyma vegna viðkomandi ökutækis. Ef lituð og ólituð olía blandast fyrir mistök í meðhöndlun og dreifingu eða að mistök verða við framkvæmd litunar á olíu, skal ríkisskattstjóra tilkynnt um það án tafar og skulu úrbætur og uppgjör vera í samræmi við fyrirmæli ríkisskattstjóra. Ef um ásetning eða stórkostlegt gáleysi er að ræða gilda ákvæði 20. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl.

V. KAFLI

Bókhald.

13. gr.

Bókhald.

Leyfishafar sem stunda framleiðslu eða aðvinnslu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., skulu aðgreina í bókhaldi sínu kaup á olíu sem notuð er til framleiðslu eða aðvinnslu gjaldskyldrar olíu, kaup á olíu til annarrar framleiðslu og kaup á olíu sem afhent er öðrum. Jafnframt skulu þeir halda bókhald yfir aðfengna olíu, gjaldskylda sem gjaldfrjálsa, eigin notkun slíkrar olíu og afhendingu hennar. Að auki skulu þeir halda bókhald yfir aðfengið litar- og/eða merkiefni og notkun á því.

Aðrir leyfishafar skulu halda bókhald yfir aðfengna olíu, gjaldskylda sem gjaldfrjálsa, eigin notkun hennar og sölu eða afhendingu. Að auki skulu þeir halda bókhald yfir aðfengið litar- og/eða merkiefni og notkun á því.

Leyfishafar skulu haga bókhaldi sínu þannig að gert sé uppgjör fyrir hverja birgðageymslu fyrir sig, þar sem fram kemur notkun á litunarefni og það magn af litaðri olíu sem framleitt er í hverri birgðageymslu.

Um varðveislu bókhaldsgagna, þar með talinna skýrslna frá prófunarstofu um litaða olíu og litunarbúnað, gilda ákvæði bókhaldslaga.

14. gr.

Afhending olíu og uppgjör yfir notkun litarefnis.

Leyfishafar sem afhenda bæði litaða og ólitaða olíu úr tankbíl eins og lýst er í 2. mgr. 9. gr., skulu halda skýrslur yfir afhendingu á litaðri og ólitaðri olíu hvers tankbíls fyrir sig. Skráning skal fara fram á skolun þegar skipt er yfir í afhendingu á ólitaðri olíu frá litaðri olíu og öfugt. Leyfishafar skulu gera sérstakt uppgjör fyrir hvern litunarbúnað sem er í tankbíl, þar sem kemur fram notkun litunarefnis og magn litaðrar olíu, sem er afhent eða framleidd í hverjum litunarbúnaði. Ef afhending á bæði litaðri og ólitaðri olíu á sér stað í gegnum sama dælubúnað, skal haga skýrsluhaldi þannig að skráning fari fram á skolun.

Þegar litun á sér stað með öðrum hætti en með litunarbúnaði frá tankbíl, geta leyfishafar valið um hvort þeir haldi reikninga fyrir hvern geymslustað þar sem litað er, í staðinn fyrir hvern litunarbúnað fyrir sig. Um hver mánaðarmót skal fara fram uppgjör yfir notkun litarefnis og magn framleiddrar litaðrar olíu. Leyfishöfum ber án tafar að tilkynna ríkisskattstjóra ef verulegt misræmi kemur fram í uppgjöri. Heimild þessi til að halda sameiginlegt reikningshald er háð því skilyrði að leyfishafar taki sýni annan hvern mánuð frá hverju litunarbúnaðarkerfi og sendi til rannsóknar hjá löggiltri rannsóknarstofu.

Í lok hvers mánaðar skulu leyfishafar gera uppgjör á notkun á litarefnum og magni litaðrar olíu fyrir hverja birgðageymslu og litunarbúnað í tankbílum. Leyfishöfum ber að tilkynna ríkisskattstjóra ef misræmi kemur fram í uppgjöri, sbr. 3. mgr. 4. gr.

15. gr.

Útgáfa reikninga.

Við sölu eða afhendingu olíu skal gefa út sölureikning þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. útgáfudagur,
2. útgáfustaður,
3. afhendingarstaður ef annar en útgáfustaður,
4. nafn og kennitala seljanda (birgðasala),
5. nafn og kennitala kaupanda (móttakanda),
6. magn, einingarverð og heildarverð gjaldskyldrar olíu.

Auk upplýsinganna sem tilgreindar eru í 1. mgr. skal á sölureikningi koma fram hvort olúgjald er lagt á og hver fjárhæð olúgjalds er.

Við litun frá tankbíl skal sölureikningur eða afgreiðsluseðill innihalda upplýsingar um hvaða litunarbúnaður var notaður við litunina.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er gjaldskyldum aðilum heimilt að gefa út sölureikning í lok hvers mánaðar vegna afhendingar á olíu til kaupanda sem innt var af hendi frá upphafi til loka þess mánaðar, enda fái kaupandi afgreiðsluseðil í stað reiknings. Á afgreiðsluseðli skal koma fram magn seldrar olíu, bæði litaðrar og ólitaðrar. Seljandi skal varðveita afrit afgreiðsluseðils með viðkomandi sölureikningi.

16. gr.

Reikningar skulu færðir með almennu bókhaldi leyfishafa.

Ef ekki er unnt að færa reikninga með almennu bókhaldi skal halda sérstakt bókhald, sem samræmt skal skráningum í almenna bókhaldið.

VI. KAFLI

Refsiábyrgð.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 20. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl.

VII. KAFLI

Önnur ákvæði.

18. gr.

Ríkisskattstjóri getur afturkallað heimild leyfishafa til litunar á olú, ef búnaður er notaður eða útbúinn á þann hátt að hann uppfylli ekki nákvæmmisskilyrði, skilyrði varðandi gerð eða uppsetningu búnaðar, eða eftirliti eftirlitsaðila verði ekki við komið á viðunandi hátt.

Leyfishafi skal bera allan kostnað í tengslum við leyfisveitingu, uppsetningu og rekstur litunarbúnaðar, kaup á merkiefni og litarefni, og prófanir faggiltra prófunarstofa eða á vegum Löggildingarstofu. Verði uppvíst um óheimila notkun leyfishafa á litaðri olú getur ríkisskattstjóri krafist þess að eldsneytistankar, geymar o.fl., verði tæmdir og hreinsaðir áður en þeir eru teknir til geymslu annarrar vöru en litaðrar olú.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

19. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 4. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., og öðlast gildi 1. júlí 2005. Ákvæði 6.-8. gr. reglugerðarinnar, sem snúa að undirbúningi og afgreiðslu leyfa til litunar olú, skulu þó þegar öðlast gildi þannig að afgreiðsla litaðrar olú geti hafist 1. júlí 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 11. mars 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingvi Már Pálsson.

REGLUGERÐ

um niðurgreiðslur húshitunar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi fjallar um rétt til niðurgreiðslna húshitunarkostnaðar og framkvæmd við úthlutun fjár sem ákveðið er í fjárlögum til:

1. Niðurgreiðslu kostnaðar við hitun íbúðarhúsnæðis hjá þeim sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma.
2. Greiðslu styrkja vegna stofnunar nýrra hitaveitna.

2. gr.

Stjórnsýsla.

Íðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari. Orkustofnun hefur umsjón með framkvæmd niðurgreiðslna.

3. gr.

Skilgreiningar.

Íbúð samkvæmt reglugerð þessari er húsnæði þar sem einhver hefur fasta búsetu og hefur sjálfstætt skráningarauðkenni í Landskrá fasteigna. Dvalarheimili aldraðra, sambýli og slíkt þar sem fólk hefur fasta búsetu telst íbúðarhúsnæði samkvæmt reglugerð þessari. Þurfi umsækjandi að halda fleiri en eitt heimili vegna starfa, eigin náms eða náms fjölskyldu er heimilt að greiða niður húshitunarkostnað óháð því hvar lögheimili er skráð. Niðurgreiðsla er háð því að dvöl vegna náms eða starfa sé samfelld a.m.k. 2-3 mánuði á ári. Umsækjandi þarf að staðfesta þörf sína til þess að halda fleiri en eitt heimili með opinberu vottorði eða öðrum gögnum sem Orkustofnun metur nægileg í hverju tilviki, s.s. vottorði vinnuveitanda eða skólastjórnmenda ef um nám er að ræða og staðfestingu um póstburð í viðkomandi íbúð.

Veituvæði hitaveitu er það svæði þar sem hitaveita hefur einkaleyfi til dreifingar á heitu vatni.

Kynt hitaveita er samkvæmt reglugerð þessari veita sem notar rafmagn eða eldsneyti til að hita vatn til sölu um dreifikerfi veitunnar.

Rafhitun telst bein hitun með raforku hvort sem um er að ræða þilofna, hitastrengi eða vatnshitakerfi þar sem rafmagn er notað til að hita vatnið. Raforkunotkun varmadælu er í þessari reglugerð flokkuð með rafhitun.

II. KAFLI

Niðurgreiðsla á orku til hitunar.

4. gr.

Skilyrði niðurgreiðslna.

Ef ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa fé til niðurgreiðslna á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis skal það gert í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar íbúðarhúsnæði sem ekki er á veitusvæði hitaveitu er hitað með raforku.
2. Þegar íbúðarhúsnæði á veitusvæði hitaveitu er hitað með raforku enda sé kostnaður við tengingu við hitaveituna og áætluð orkukaup meiri en við niðurgreidda rafhitun samanlagt fyrstu tíu árin eftir tengingu.
3. Þegar íbúðarhúsnæði sem hvorki er á veitusvæði hitaveitu né tengist raforkukerfi er hitað með olíu. Einnig íbúðarhúsnæði hitað með olíu sem tengjast einangruðu raforkukerfi þar sem meiri hluti raforkuvinnslunnar er með eldsneyti.
4. Þegar íbúðarhúsnæði er hitað með vatni frá kyntri hitaveitu og raforkunotkun veitunnar til hitunar vatns er meira en 10% af heildarorkuöflun veitunnar.

Heimilt er að greiða niður hluta kostnaðar við hitun húsnæðis sem er skráð sem íbúðarhúsnæði hjá Fasteignamati ríkisins þótt þar sé ekki föst búseta. Heimildin nær til þess að greiða niður orkumagn sem svarar til fjórðungs af því orkumagni sem niðurgreitt er vegna þeirra íbúða sem njóta niðurgreiðslna á grundvelli 1. mgr.

Kostnaður við hitun kirkna, bænahúsa trúfélaga, safna, félagsheimila og húsnæðis björgunarsveita skal greiddur niður á sama hátt og hitun íbúða, enda skal raforkunotkun til hitunar sérmæld.

Ekki skal greiða niður raforkukostnað vegna dælingar á heitu vatni.

5. gr.

Umsókn um niðurgreiðslur.

Eigandi eða umráðamaður íbúðarhúsnæðis getur sótt um niðurgreiðslu til Orkustofnunar. Umsókn skal vera skrifleg. Í umsókn skal tilgreina:

1. Nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda auk upplýsinga um staðsetningu og skráningarmarki þeirrar íbúðar sem sótt er um niðurgreiðslu fyrir.
2. Ef umsækjandi hefur ekki skráð lögheimili í íbúðarhúsnæði því sem sótt er um niðurgreiðslu fyrir, skal leggja fram gögn um þörf til að halda fleiri en eitt heimili skv. 1. mgr. 3. gr., ella skal litið svo á að sótt sé um niðurgreiðslu húshitunar á grundvelli 2. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar.

Stjórn húsfélags getur sótt um niðurgreiðslur fyrir hönd allra íbúðareigenda í fjöleignarhúsi ef hitanotkun hverrar íbúðar er ekki sérmæld. Orkustofnun metur á grundvelli umsóknar hvort skilyrði laga þessara fyrir niðurgreiðslum séu uppfyllt. Ekki þarf að sækja á ný um niðurgreiðslu meðan íbúð er notuð til fastrar búsetu. Breytist aðstæður að þessu leyti ber eiganda að tilkynna Orkustofnun það.

Standi húsnæði autt, sbr. 2. mgr. 4. gr., þarf eigandi þess að sækja um niðurgreiðslur til Orkustofnunar þegar föst búseta fellur niður. Sækja þarf um slíkar niðurgreiðslur á tólf mánaða fresti.

6. gr.

Upphæð niðurgreiðslna.

Í samræmi við fjárhæð niðurgreiðslna sem samþykkt er í fjárlögum viðkomandi árs skal iðnaðarráðherra ár hvert ákveða upphæð niðurgreiðslna á raforku í kr./kWh, á vatni frá

kyntum hitaveitum í kr./kWst eða kr./m³ og á olíu í kr./l. Miða skal upphæð niðurgreiðslna á olíu við að kostnaður notenda verði svipaður við olíuhitun og rafhitun. Ákvörðun ráðherra skal birt með auglýsingu í Stjórnartíðindum.

Hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst á hverja íbúð á ári er 35.000. Hámarksfjöldi lítra af olíu sem niðurgreiða skal fyrir hverja íbúð er 4.700. Ef kynt hitaveita nýtir að hluta jarðvarma skal niðurgreiðslan ákvörðuð út frá því hve stór hluti orkuöflunarinnar er með raforku og eldsneyti. Hámarksniðurgreiðsla á hverja íbúð á ári þar sem um kynta hitaveitu er að ræða skal miðast við 35.000 kWst eða 777 m³. Ef notuð er varmadæla skal hámarksfjöldi kWst vera 1/3 af ákvörðuðu hámarki við beina rafhitun.

7. gr.

Ákvörðun notkunar við rafhitun.

Orkunotkun við rafhitun íbúðarhúsnæðis skal ákvörðuð á eftirfarandi hátt:

1. Ef rafhitun íbúðar er sérmæld skal sú mæling gilda við ákvörðun niðurgreiðslu.
2. Ef rafhitun er ekki sérmæld skal orkumagn sem greitt er niður ákveðið sem hlutfall af heildarnotkun.

Hlutfall niðurgreiðslu af heildarnotkun skal ákveðið á eftirfarandi hátt:

1. Íbúðarhúsnæði: 85% heildar raforkunotkunar íbúðarhúsnæðis sem hitað er með raforku samkvæmt upplýsingum frá dreifiveitum skal niðurgreidd.
2. Blönduð notkun atvinnu- og íbúðarhúsnæðis: Sérmæling er skilyrði niðurgreiðslna ef um blandaða notkun atvinnu- og íbúðarhúsnæðis er að ræða. Niðurgreiðsla íbúðarhluta húsnæðisins skal vera skv. 1. tl. mgr. þessarar.
3. Kirkjur, bænahús trúfélaga, söfn, félagsheimili og húsnæði björgunarsveita sem hituð eru með raforku njóta niðurgreiðslna á sama hátt og hitun íbúða skv. 1. tl. mgr. þessarar, enda skal raforkunotkun til hitunar sérmæld.

Ef ástæða er til að ætla að lægra eða hærra hlutfall fari til húshitunar hjá einstökum notanda en skilgreining á viðkomandi flokki segir til um getur Orkustofnun áætlað sérstakt hlutfall fyrir þann notanda og skal miðað við þá áætlun við útreikning á niðurgreiðslu.

Ef notandi sættir sig ekki við hlutfall niðurgreiðslu skv. 2. eða 3. mgr. getur hann farið fram á að notkunin sé sérmæld og skal miða við þá mælingu við ákvörðun niðurgreiðslu. Notandinn greiðir allan kostnað við sérmælinguna.

8. gr.

Ákvörðun notkunar við olíuhitun.

Orkustofnun áætlar ársnotkun íbúðar á olíu til hitunar út frá notkun húsnæðisins og skráðri stærð þess í Landskrá fasteigna. Orkustofnun getur farið fram á að fá upplýsingar frá íbúðareiganda um olíukaup til húshitunar og annað sem snýr að notkun húsnæðisins og nauðsynlegt er vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar.

Við útreikninga á niðurgreiðslu vegna olíuhitunar skal bera saman hitunarkostnað með niðurgreiddri raforku annars vegar og olíuhitun hins vegar. Gengið skal út frá viðmiðunarhúsi sem er 430 m³ að stærð og þarf 75 kWst á ári til upphitunar á hvern rúmmetra, eða alls 32.250 kWst á ári. Út frá meðalverði raforku og olíu til húshitunar í hverjum ársfjórðungi skal fundinn hitunarkostnaður fyrir viðmiðunarhús með þessum tveimur hitunaraðferðum.

9. gr.

Framkvæmd niðurgreiðslna á raforku og heitu vatni frá kyntum hitaveitum.

Dreifiveitur raforku og kyntar hitaveitur skulu draga upphæð niðurgreiðslu frá gjaldi notanda fyrir þjónustu veitunnar og skal notandinn fá upplýsingar um upphæð niðurgreiðslu.

Ef niðurgreiðslan er hærri en nemur fjárhæð reiknings skal veitan greiða notandanum mis-
muninn.

10. gr.

Framkvæmd niðurgreiðslu á olíu.

Orkustofnun ákveður niðurgreiðslur á olíu til einstakra notenda á grundvelli þeirra við-
miða, sem tilgreind eru í 8. gr., og sér til þess að greiðsla fari fram ársfjórðungslega.

III. KAFLI

Stofnun nýrra hitaveitna.

11. gr.

Skilyrði styrkja vegna stofnunar nýrra hitaveitna.

Ef ákveðið er í fjárlögum að veita styrki til stofnunar nýrra hitaveitna eða til stækkunar
eldri veitna skal þeim fjármunum varið til eftirfarandi þátta:

1. Til nýrra hitaveitna sem hófu rekstur árið 1998 eða síðar.
2. Til hitaveitna sem hafa aukið við dreifikerfi sitt á árinu 1998 eða síðar til að geta
tengt íbúðarhúsnæði sem notið hefur niðurgreiðslna á rafhitun.

12. gr.

Fjárhæð styrkja.

Styrkur til hvernar hitaveitu getur numið allt að átta ára áætluðum niðurgreiðslum á raf-
magni eða olíu til húshitunar á orkuveitusvæði viðkomandi hitaveitu miðað við meðalnotkun
til húshitunar næstu fimm ár á undan. Af fjárveitingu hvers árs til niðurgreiðslu á orku til
húshitunar og stofnstyrkja hitaveitna skal styrkveiting til nýrra hitaveitna þó aldrei vera meiri
en 20% heildarfjárveitingar. Árlega getur hver einstök hitaveita að hámarki fengið styrk er
nemur 15% árlegrar heildarfjárveitingar til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði og nýrra hita-
veitna.

Frá styrkfjárhæðinni skal dreginn annar beinn eða óbeinn fjárhagslegur stuðningur rík-
isins, stofnana þess eða sjóða til viðkomandi hitaveitu eða byggingar hennar.

13. gr.

Umsóknir.

Hitaveitur geta sótt um styrk til iðnaðarráðuneytisins. Umsókn skulu m.a. fylgja upp-
lýsingar um hitaveituna og hvernig fyrirhugað er að ráðstafa styrknum.

Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja umsókn frá hitaveitum sem hafa einkaleyfi á við-
komandi veitusvæði:

Nafn og kennitala eiganda viðkomandi eignar sem skal tengjast.

Afrit af yfirlýsingu (umsókn) eiganda um tengingu við hitaveitu.

Fastanúmer eignar sem skal tengja.

Rúmmál eignarinnar.

Áætlun um skiptingu eingreiðslna milli notanda og hitaveitu.

Áætlun um tengingu.

Upplýsingar um afslætti og kjör nýrra notenda.

Tæmandi upplýsingar um verðskrá hitaveitunnar.

Eftirfarandi viðbótarupplýsingar skulu að auki fylgja umsókn frá hitaveitum sem ekki
hafa einkaleyfi á viðkomandi veitusvæði:

Upplýsingar um orkuöflun, s.s. fjölda virkjaðra borhola, hvera, lauga, uppsett afl, vatns-
magn, meðalvatnshita, lengd safn- og aðveituaða.

Almennar upplýsingar um dreifikerfið s.s. aflgeta, hámarksálag, vatnsmagn, meðalhiti og orkuframleiðsla inn á dreifikerfi, hlutfall orkuvinnslu, fjöldi og heildarafl dælustöðva, rafmagnsnotkun á dælu, miðlunarrými, lengd dreifikerfis o.fl. sem Orkustofnun mun leggja fyrir viðkomandi dreifiveitu.

14. gr.

Úthlutun og ráðstöfun styrkja.

Greiðsla stofnstyrks til nýrrar hitaveitu eða vegna stækkunar hitaveitu skal miðuð við tímamarkið þegar hitaveitan tekur til starfa eða stækkun er tekin í notkun. Ef tengingum íbúðarhúsa er skipt í áfanga eða hluti íbúðarhúsa á orkuveitusvæði er ekki tengdur þegar hitaveita tekur til starfa er heimilt að ákveða að hluti styrksins skuli greiddur út og niðurgreiðslum vegna rafhitunar tiltekinna íbúðarhúsa haldið áfram þrátt fyrir 15. gr. Endanlegt uppgjör á fjárhæð styrksins fer í þeim tilvikum fram þegar stjórn viðkomandi hitaveitu óskar, þó eigi síðar en níu mánuðum eftir að fyrsti hluti styrksins er greiddur út. Við greiðslu á þeirri fjárhæð sem haldið var eftir skal draga frá heildarfjárhæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis á viðkomandi orkuveitusvæði á aðlögunartímanum.

Hitaveitan skal nýta styrkinn að hluta til að greiða niður stofnkostnað hitaveitunnar og að hluta til að styrkja eigendur íbúðarhúsa þar sem kostnaður við tengingu við starfandi eða nýjar veitur er umtalsverður, svo sem vegna kostnaðarsamra breytinga á hitakerfi. Stjórn hitaveitunnar skal ákvarða hlutföllin en hvor hluti styrksins má nema allt að 65% af heildarfjárhæðinni.

15. gr.

Niðurfelling niðurgreiðslna.

Ef stofnuð er ný hitaveita eða eldri veita stækkuð skal fella niður niðurgreiðslu á kostnaði til hitunar íbúðarhúsnæðis á starfssvæði hitaveitunnar, nema ákvæði 2. tl. 1. mgr. 4. gr. eigi við.

Orkustofnun skal tilkynna íbúðareiganda eða umráðamanni íbúðarhúsnæðis skriflega um niðurfellinguna og upplýsa um heimild skv. 3. mgr. þessarar greinar. Skal honum gefast a.m.k. 30 daga frestur frá dagsetningu tilkynningar til að koma á framfæri andmælum áður en ákvörðun um brottfall niðurgreiðslna kemur til framkvæmda.

Ef kostnaður við tengingu viðkomandi íbúðarhúsnæðis við hitaveituna og áætluð orku kaup er meiri en við niðurgreidda rafhitun samanlagt fyrstu tíu árin eftir tengingu er heimilt að halda niðurgreiðslum áfram, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr., komi fram beiðni þar um.

16. gr.

Fjárveitingar til jarðhitaleitar.

Ráðherra er heimilt að ákveða að sérstakt jarðhitaleitarátak á köldum svæðum fái allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði og nýrra hitaveitna. Beiðnir um styrki skulu sendar iðnaðarráðuneytinu ásamt greinargerð um fyrirhugaða jarðhitaleit.

IV. KAFLI

Eftirlit.

17. gr.

Eftirlit Orkustofnunar.

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar reglugerðarinnar skulu liggja fyrir hjá Orkustofnun.

Ef breytingar verða á aðstæðum og íbúðareigandi hefur ekki lengur rétt til niðurgreiðslna samkvæmt reglugerð þessari ber íbúðareiganda að tilkynna slíkt til Orkustofnunar.

Orkustofnun skal ár hvert áætla kostnað stofnunarinnar við þetta eftirlit og leggja fyrir iðnaðarráðherra til staðfestingar. Kostnaður vegna eftirlits Orkustofnunar samkvæmt staðfestri áætlun greiðist af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun og til að styrkja nýjar hitaveitur.

18. gr.

Heimildir Orkustofnunar.

Dreifiveitum og kyntum hitaveitum ber að afhenda Orkustofnun upplýsingar um orku-kaupendur sem fá niðurgreiðslur og um notkun þeirra þegar stofnunin fer fram á slíkt.

19. gr.

Úrræði Orkustofnunar.

Ef Orkustofnun verður þess áskynja að orkukaupandi tilkynnir ekki um breyttar aðstæður, sem hefðu átt að leiða til brottfalls niðurgreiðslu, skal stofnunin fella niðurgreiðslurnar niður að undangenginni tilkynningu þar um. Hefur orkukaupandi 30 daga frá dagsetningu tilkynningar til að koma á framfæri andmælum áður en ákvörðun um brottfall niðurgreiðslna kemur til framkvæmda.

Í tilkynningu um brottfall niðurgreiðslna skal upplýst um heimild til að skjóta ákvörðun Orkustofnunar til ráðuneytis.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði

20. gr.

Gildistaka og reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli heimildar í 21. gr. laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar nr. 78/2002, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. mars 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

2. mars 2005

Nr. 285

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 2003-2023.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. mars 2005 staðfest aðalskipulag Siglufjarðar 2003-2023.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Siglufjarðar 1980-2000 frá 15. mars 1982, með síðari breytingum.

Umhverfissráðuneytinu, 2. mars 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn Húsavíkurbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkurbæjar er skipuð níu bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Húsavíkurbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga eftir því sem við á. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal annarra verkefna bæjarstjórnar Húsavíkurbæjar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu, stofnunum þess og fyrirtækjum.
2. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, sbr. 60. gr. samþykktar þessarar.
3. Að móta stefnu fyrir starfsemi bæjarstjórnar, málefnasviða, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins, setja starfseminni samþykktir og reglur, m.a. um ábyrgðarmörk kjörinna fulltrúa, nefnda og stjórnenda, gjaldskrár og þess háttar eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
4. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fundarskóp bæjarstjórnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinn í mánuði að jafnaði þriðja þriðjudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bærstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta bærstjórnar og bærstjóra og skylt er að halda aukafund í bærstjórn ef a.m.k. þriðjungur bærjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í bærstjórninni sem á að baki lengstu setu í bærstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bærstjórn átt jafnlengi setu í bærstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bærstjóri, sbr. þó 14. gr., boðar bærstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bærstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær bærstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bærstjórnar skal hún taka ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem á heimasíðu sveitarfélagsins eða með auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bærstjóri semur dagskrá bærstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bærstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta, kosningar í bæjarráð, nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar bærstjóra og framkvæmdastjóra málefnasviða hjá sveitarfélaginu, sbr. 58. og 60. gr. samþykktar þessarar.
2. Mál sem falla undir verksvið bærstjórnar, sbr. 6. gr., og bærstjóri, forseti, bærjarfulltrúar eða nefndir og ráð vilja taka á dagskrá. Óski bærjarfulltrúi eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna bærstjóra það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn fyrir kl. 12.00 föstudaginn fyrir bærstjórnarfund.
3. Fundargerðir bæjarráðs, fjölskyldu- og þjónusturáðs og umhverfis- og framkvæmdaráðs til afgreiðslu.
4. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins til kynningar og sem fylgiskjöl með fundargerðum ráða, sbr. 3. tölul.

Dagskrá bærstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bærstjóri telur nauðsynleg til að bærjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bærstjórnarfundar.

12. gr.

Bærstjóri skal hafa sent bærjarfulltrúum fundarboð bærstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bærstjórnarfund. Aukafundir skulu á sama hátt boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, með þeim hætti sem bæjarstjórn ákveður, sbr. 10. gr. samþykktar þessarar.

14. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meiri hluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti stjórnar kjöri fyrsta og annars varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra og við kjör forseta. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

15. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

16. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er mættur á fundinn og getur bæjarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

18. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt

sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir, hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum svo og til hljóðvarps-, sjónvarps- eða netútsendinga þaðan.

19. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

20. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Arsreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir og reglugerðir sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkyningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

21. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn í bæjarstjórn taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundum bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum.

22. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Bæjarfulltrúa sem telur hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

23. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

24. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta og/eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

25. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

26. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

27. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

28. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

29. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

30. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

31. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast færslu gerðabókar bæjarstjórnar og ritun fundargerða. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál og skal bæjarstjórn halda sérstaka gerðabók vegna umfjöllunar og afgreiðslu þeirra.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fund-

argerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti til varðveislu. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

32. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmat forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefndum, ráðum eða stjórnum á vegum sveitarfélagsins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

33. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

34. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skv. 11. gr. samþykktar þessarar.

35. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

37. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

38. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórninni án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

39. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúa og fundarstaðar bæjarstjórnar getur bæjarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Bæjarfulltrúi á rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar vegna ferða á vegum sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

40. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

41. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

IV. KAFLI

Ráð, nefndir og stjórnir.

42. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, fjölskyldu- og þjónusturáð, umhverfis- og framkvæmdaráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Þá kýs bæjarstjórn formenn og varaformenn ráða og nefnda skv. A- og B-lið 56. gr. samþykktar þessarar. Kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

43. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráðið.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa og varafulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skulu þeir fulltrúar vera aðal- eða varabæjarfulltrúar. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

44. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðsins eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

45. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna það varamanni sínum og boða hann til fundarins.

46. gr.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Starfsmaður bæjarráðs annast ritun fundargerðar. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 31. gr.

47. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármála- stjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð hefur umsjón með framkvæmd og fjárhagsramma verkefna sem tengjast stuðningi við atvinnulíf sveitarfélagsins, frumkvöðla og fyrirtæki. Þá fer bæjarráð með yfirumsjón kjaramála starfsmanna sveitarfélagsins og skipar fulltrúa í kjaranefndir.

Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

48. gr.

Bæjarráðsfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað. Heimilt er að boða aðra á fundi bæjarráðs til viðræðna um tiltekin mál.

49. gr.

Á fyrsta fundi nefnda sem bæjarstjórn kýs ekki formann og varaformann skal kjósa formann og varaformann nefndar nema lög mæli fyrir á annan veg.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefndir, sbr. 56. gr., saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn.

Yfirmaður viðkomandi málefna sviðs undirbýr fundi í samráði við formann ráðs eða nefndar. Hann sér um að fundir séu boðaðir með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k.

einum sólarhring fyrir fund. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna það varamanni sínum og boða hann til fundarins.

Fjölskyldu- og þjónusturáð og umhverfis- og framkvæmdaráð skulu að jafnaði halda fund tvisvar sinnum í mánuði, en aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, yfirmaður viðkomandi málefnasviðs, formaður eða a.m.k tveir ráðsmanna óska þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

Nefndir sem falla undir B-lið 56. gr. skulu að jafnaði halda fund mánaðarlega svo fram- arlega sem erindi liggja fyrir til afgreiðslu. Eigi skal þó halda fundi sjaldnar en ársfjórðungs- lega.

50. gr.

Fulltrúa í ráði eða nefnd er skylt að sækja fundi nema lögmaet forföll hamli. Þegar aðal- maður forfallast um stundarsakir skal varamaður taka sæti hans. Þegar aðalmaður flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

51. gr.

Fundir ráða og nefnda skulu haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja þá fundi ef þess er óskað. Enn fremur getur ráð eða nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um með- ferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið viðkomandi ráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða mála- flokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Starfsmaður nefndar annast ritun fundargerðar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

55. gr.

Með vísan til 11. gr. skulu fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjáruútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráð áður en hún er tekin til afgreiðslu í bæjarstjórn.

56. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Fulltrúar kjörnir til eins árs á fundi í júní ár hvert:

1. *Forseti bæjarstjórnar.*
2. *Fyrsti varaforseti bæjarstjórnar.*
3. *Annar varaforseti bæjarstjórnar.*
4. *Skrifarar bæjarstjórnar.* Tveir aðalmenn og tveir til vara úr hópi bæjarfulltrúa.
5. *Bæjarráð.* Þrjú bæjarfulltrúar sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

B. Fulltrúar í ráð og nefndir kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Fjölskyldu- og þjónusturáð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 - 1.1 *Skólanefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara.
2. *Umhverfis- og framkvæmdaráð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 - 2.1 *Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 - 2.2 *Landbúnaðarnefnd.* Þrjú aðalmenn og þrjú til vara.

C. Fulltrúar í aðrar nefndir, ráð og stjórnir og embættismenn kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Kjörstjórn.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Þá kýs bæjarstjórn í undirkjörstjórn I og undirkjörstjórn II þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara. Kjörstjórn skal kjörin á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar en heimilt er að kjósa undirkjörstjórnir síðar.
2. *Skóðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Skóðunarmenn skulu kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar.
3. *Landþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. samþykktar sambandsins.
4. *Eyþing, samtök sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu.* Fulltrúa á aðalfund Eyþings skv. IV. kafla samþykktar sambandsins frá 30. ágúst 1996, aðalmenn og varamenn.
5. *Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.* Einn aðalmaður og annar til vara tilnefndir af bæjarstjórn skv. 2. gr. samstarfssamnings um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðiseftirlits frá 2002.
6. *Héraðsnefnd Þingeyinga.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. samþykktar nefndarinnar.
7. *Safnahússnefnd.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast málefni þeirra safna sem falla undir Safnahúsið á Húsavík að undanskildu bókasafni. Aðrir eignaraðilar kjósa fjóra fulltrúa. Þá situr sýslumaðurinn á Húsavík í nefndinni og er hann formaður.
8. *Dvalarheimili aldraðra sf. í Þingeyjarsýslu.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara til setu á aðalfundi skv. 6. gr. samþykktar dvalarheimilisins frá 5. maí 1998.
9. *Stjórn Menningarsjóðs þingeyskra kvenna.* Einn aðalmaður (kona) og annar til vara skv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins.
10. *Rekstrarstjórn Hafnalækjarskóla.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 3. gr. samrekstrar-samnings frá 6. febrúar 2002.
11. *Skólanefnd Hafnalækjarskóla.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. samrekstrar-samnings frá 6. febrúar 2002.
12. *Leikskólanefnd Barnaborgar.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 2. gr. samstarfs-samnings frá 15. ágúst 2001.

13. *Fulltrúaráð Félagsheimilis Húsavíkur sf.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. reglugerðar fyrir félagsheimilið frá 2. október 2002.
 14. *Félagsheimilisnefnd Heiðarbæjar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. starfsreglna félagsheimilisins.
 15. *Stjórn Lifeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 4. gr. reglugerðar sjóðsins. Sjóðfélagar kjósa einn fulltrúa í stjórnina og þá situr bæjarstjóri í stjórninni og er hann jafnframt formaður.
 16. *Launanefnd sveitarfélaga.* Fulltrúar á launamálaráðstefnur skv. 11. gr. samþykta launaneftarinnar, aðalmenn og varamenn.
 17. *Starfsmenntunarsjóður STH.* Einn aðalamaður og annar til vara samkvæmt grein 12.4.1 í kjarasamningi við Starfsmannafélag Húsavíkur (1997). Starfsmannafélagið kýs tvo fulltrúa.
 18. *Starfskjaranefnd STH.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt sérákvæði 16.12 í kjarasamningi við Starfsmannafélag Húsavíkur (1997). Starfsmannafélagið kýs tvo fulltrúa í nefndina.
 19. *Kjaranefnd VH.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt grein 14.1.1 í kjarasamningi við Verkalýðsfélag Húsavíkur. Verkalýðsfélagið kýs tvo fulltrúa.
 20. *Rekstrarlánasjóður bátaiúngerðar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. reglugerðar sjóðsins frá 2. mars 1978. Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf. kýs einn fulltrúa í stjórnina.
 21. *Fjallskilastjórar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. I. kafla laga um afréttamál-efni, fjallskil og fl. nr. 6/1986 og skv. 3. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavík.
 22. *Búfjárefirlitsnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samkomulagi við Tjörneshrepp frá 20. desember 2002, en samkomulagið byggir á lögum um búfjárhald og fleira nr. 103/2002.
 23. *Búfjárefirlitsmaður.* Einn og annar til vara skv. 10. gr. laga um búfjárhald nr. 103/2002, sbr. einnig samkomulag við Tjörneshrepp frá 20. desember 2002.
- D. Fulltrúar í aðrar nefndir, ráð og stjórnir og embættismenn kjörnir til mismunandi tíma samkvæmt ákvæðum í viðkomandi lögum, reglum eða samþykktum:**
1. *Skólanefnd Framhaldsskólans á Húsavík.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara tilnefndir af bæjarstjórn skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996. Menntamálaráðherra skipar skólanefndina til fjögurra ára í senn (fyrsta skipun 1996) og er hún skipuð fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara.
 2. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara kjörinn ári eftir sveitarstjórnarkosningar, sbr. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, nr. 68/1994. Kjörtímabilið er fjögur ár, sbr. 10. gr. laga nr. 68/1994.
 3. *Stjórn Kísilgúrsjóðs.* Einn aðalmaður tilnefndur af bæjarstjórn til tveggja ára í senn skv. 1. gr. reglugerðar um sjóðinn nr. 205/1995. Iðnaðarráðherra skipar stjórnina sem í eiga sæti sex fulltrúar.

57. gr.

Bæjarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir ráð og nefndir skv. A- og B-lið 56. gr. þar sem m.a. er kveðið á um hlutverk og valdsvið viðkomandi ráðs eða nefndar og helstu verkefni. Þá staðfestir bæjarstjórn erindisbréf annarra nefnda skv. C-lið 56. gr. eftir því sem við á. Fundargerðir nefnda skv. 56. gr. skulu afgreiddar af því ráði sem þær heyra undir, en lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar, sbr. 11. gr. samþykktar þessarar.

Auk þeirra nefnda, stjórna og ráða sem upp eru taldar í 56. gr. getur bæjarstjórn kosið aðrar nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur

niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Um fundarsköp og fundarritun slíkra nefnda skal farið að ákvæðum þessa kafla eftir því sem við á. Fundargerðir þeirra skulu afgreiddar af því ráði sem þær heyra undir.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

58. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði.

59. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnarinnar og bæjarráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögu-rétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráðið og bæjarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindi.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarráðs að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins. Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

60. gr.

Bæjarstjórn ræður framkvæmdastjóra málefnasviða sem heyra beint undir bæjarstjóra í skipuriti. Bæjarráð, fjölskyldu- og þjónusturáð og umhverfis- og framkvæmdaráð ráða forstöðumenn einstakra stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess að fengnum tillögum framkvæmdastjóra viðkomandi málefnasviðs.

61. gr.

Forstöðumenn stofnana ráða aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 60. gr. í samráði við yfirmann viðkomandi málefnasviðs, enda séu stöðuheimildir fyrir hendi og ekki á annan veg mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

Fastar stöður skulu auglýstar til umsóknar á opinberum vettvangi nema bæjarráð heimili annað. Bæjarráð getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningu í stöður hjá sveitarfélaginu og skulu þau kunngerð umsækjendum við auglýsingu á stöðu.

62. gr.

Forstöðumenn stofnana ráða lausráðna starfsmenn í samráði við yfirmann viðkomandi málefnasviðs. Um ráðningu fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir gildandi kjarasamningum og ákvæðum í ráðningarsamningi.

63. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga og starfsmannastefnu bæjarins.

Komi til ágreinings milli forstöðumanns og yfirmanns viðkomandi málefnasviðs vegna ráðninga skv. 61. eða 62. gr. skal málið afgreitt af viðkomandi ráði.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

64. gr.

Fjárhagsár Húsavíkurbæjar, stofnana hans og fyrirtækja er almanaksárið.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir bæjarsjóð, fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

65. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 64. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sjóðum sveitarfélagsins og fyrirtækja þess nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórninni.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

66. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dag-skrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

67. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammur um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

68. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 64. gr. og þriggja ára áætlun skv. 67. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 66. gr.

69. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

VII. KAFLI

Breytingar og gildistaka.

70. gr.

Til að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræðu á tveimur fundum bæjarstjórnar, sbr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, samþykki meiri hluta bæjarstjórnar og staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkurbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarskóp Húsavíkurbæjar nr. 314/2003.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. mars 2005.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Þorgerður Benediktsdóttir.
HAFNARREGLUGERÐ**fyrir Hafnasamlag Norðurlands bs.**

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Hafnir Hafnasamlags Norðurlands bs. eru: Akureyrarhöfn, Grenivíkurhöfn, Hjalteyrarhöfn og Svalbarðseyrarhöfn.

Stærð og takmörk hafnarsvæðis fyrir Akureyrarhöfn eru:

Á sjó: Að norðan er lína beint í austur frá þeim stað, þar sem mörk lögsagnarumdæmis Akureyrar og Hörgárbyggðar koma til sjávar, fram í miðjan Eyjafjörð, þaðan inn eftir miðjum firði að línu úr Glerárósi í Geldingsá og liggja mörkin þaðan til lands austan fjarðarins um þá línu. Innan þessara marka afmarkast höfnin af landinu.

Á landi: Í samræmi við aðalskipulag fyrir Akureyri á hverjum tíma.

Stærð og takmörk hafnarsvæðis fyrir Grenivíkurhöfn eru:

Á sjó: Að vestan af línu, sem hugsast dregin frá norðurenda Þengilshöfða (Nöfum) í norðurenda Hríseyjar, en að norðan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í vestur frá íbúðarhúsinu á Melum. Innan þessara marka afmarkast höfnin af landinu.

Á landi: Í samræmi við aðalskipulag fyrir Grenivík á hverjum tíma.

Stærð og takmörk hafnarsvæðis fyrir Hjalteyrarhöfn eru:

Á sjó: Að norðan af línu sem hugsast dregin beint í austur frá þeim stað sem mörk Arnarholts og Hjalteyrar koma til sjávar, fram í miðjan Eyjafjörð, þaðan inn eftir miðjum firði að línu sem hugsast dregin beint í austur frá þeim stað, þar sem mörk Hjalteyrar og Ytri-Bakka koma til sjávar.

Á landi: Í samræmi við aðalskipulag fyrir Hjalteyri á hverjum tíma.

Stærð og takmörk hafnarsvæðis fyrir Svalbarðseyrarhöfn eru:

Á sjó: Að norðan af línu, sem hugsast dregin þvert í vestur úr Svalbarðseyrarodda, 40 m norðan vitans. Að sunnan af línu sem hugsast dregin þvert í vestur úr Siglúvíkurklöppum. Að vestan af línu, sem dregin er úr norðurlínu 500 m frá fjöruborði og þvert í suður, 500 m framan við Siglúvíkurklappir. Innan þessara marka afmarkast höfnin af landinu.

Á landi: Í samræmi við aðalskipulag fyrir Svalbarðseyri á hverjum tíma.

Landsvæði hafnanna skiptast í:

Hafnarbakka og bryggjur.

Farmstöðvar og önnur afgangslusvæði.

Götur.

Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn Hafnasamlags Norðurlands.

Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandahreppur, eru sameigendur hafnasamlagsins. Sveitarstjórnir fara með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skipa 7 fulltrúar og 7 til vara og er kjörtíma-bil þeirra hið sama og sveitarstjórna. Stjórnarmenn skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum þannig:

5 aðalmenn og 5 til vara af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar.

1 aðalmaður og 1 til vara af hreppsnefndum Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar. 1 aðalmaður og 1 til vara af hreppsnefndum Grýtubakkahrepps og Svalbarðsstrandahrepps. Stjórn hafnasamlagsins kys sér formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnasamlagsins. Leita skal staðfestingar sveitarstjórna sameigenda á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnasamlagsins, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði og landi í eigu samlagsins.

Hafnarstjórn veitir leyfi til almennrar starfsemi á hafnarsvæðum sem samræmist skipulags- og byggingarskilmálum og sem ekki eru háð leyfi sveitarstjórnar. Hafnarstjórn hefur vald til að takmarka afnot af hafnarsvæðum fyrir starfsemi sem ekki er í samræmi við fyrrgreinda skilmála eða hindrar eðlilega hafnarstarfsemi. Sveitarstjórn gefur út byggingar- og framkvæmdaleyfi og úthlutar lóðum á hafnarsvæðum að fengnum tillögum hafnarstjórnar. Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæðum nema með samþykki hafnarstjórnar.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn annast gerð aðal- og deiliskipulags hafnarsvæða. Sveitarstjórn er skylt að hafa samráð við hafnarstjórn við gerð þess. Öll mannvirkjagerð á hafnar-

svæðum skal vera í samræmi við samþykkt aðal- og deiliskipulag. Sækja skal um framkvæmdaleyfi til viðkomandi sveitarstjórnar vegna framkvæmda sem undanþegnar eru ákvæðum um byggingarleyfi sbr 27. og 36. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Viðkomandi sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi fyrir nýjum hafnarmannvirkjum.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er ráðinn af hafnarstjórn og fer hann með daglega stjórn samlagsins í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn upplýsingar um málefni samlagsins. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllum hafnarsvæðum hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnasamlagsins.

Starfsmenn hafnasamlagsins sem hafa umsjón með eignum samlagsins, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn samlagsins skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna samlagsins getur hann kært það til hafnarstjórnar.

8. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Sérhvert skip, sem ætlar til einherrar af höfnum Hafnasamlags Norðurlands og óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1/2 sjómílu út fyrir ystu mörk viðkomandi hafnar, ef skipstjóri æskir þess. Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lög-mætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Hafnasamlagið veitir, eftir atvikum, aðstoð dráttarbáta, sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni. Dráttarbátar hafnasamlagsins eru í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður/skipstjórnarmaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

9. gr.

Umferð um hafnarsvæði Hafnasamlags Norðurlands.

Skipstjóri sem ekki hefur hafnsögumann um borð skal með talstöðvarsambandi við hafnarskrifstofu fá upplýsingar um hvar hann getur bundið skip sitt. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnasamlagsins vísa til.

Innan hafna má ekki sigla skipum hraðar en aðstæður og góð sjómennska leyfa. Sérstaka aðgát skal sýna þegar farið er um svæði, þar sem unnið er að dýpkun, köfun og þess háttar enda skal við slík störf hafa uppi viðeigandi merki.

Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum í höfnunum.

Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós eða dagmerki.

Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni.

Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip njóta aðstoðar dráttarbáta eða eru að leggja að eða frá viðlegu.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á Pollinum nema með leyfi hafnarstjóra.

10. gr.

Um hafnagjöld.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá er settar skulu í samræmi við ákvæði gildandi hafnalaga, laga um siglingavernd og þjónustugjaldskrá sem hafnarstjórn setur.

11. gr.

Löggæsla á hafnarsvæðum.

Lögreglan á Akureyri hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðum samlagsins.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæði er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðum. Fólk sem fer um hafnarsvæði er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við eða í höfnum hafnasamlagsins. Sömulleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæði án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðum án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðum mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á eðlilegar siglingaleiðir innan hafnarmarka og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er úr höfnum samlagsins en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

12. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnasamlagsins, er í hirðuleysi á hafnarsvæði og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnar-

stjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúknings á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

13. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í hafnir samlagsins.

Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í hafnir, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfnunum nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í hafnirnar olfu, lýsi, olfusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olfu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafnir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma.

14. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfnum samlagsins, skulu snúa sér beint til starfsmanna viðkomandi hafnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnasamlagsins um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

15. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

16. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um hafnir og hafnarsvæði samlagsins, vegna skemmda á höfn, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, dómkvaddra af héraðsdómi Norðurlands eystra. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 20.2 gr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 20.2 eða 20.3 gr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

17. gr.

Kæruheimild.

Notendum hafna Hafnasamlags Norðurlands er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga.

18. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

19. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 417/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi hafnarreglugerðir fyrir: Akureyri nr. 98/1987, með síðari breytingum, Grenivík nr. 131/1978, með síðari breytingum og Svalbarðseyri nr. 220/1951 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 1. mars 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur á fundi sínum þann 1. febrúar 2005 samþykkt að nýju tillögu að deiliskipulagi vegna byggingar 3ja íbúðarhúsa í landi Syðri-Varðgjár. Lóðirnar eru samlægar sunnanvert í landi jarðarinnar vestan Veigastadavegar.

Tillagan hefur fengið þá meðferð sem lög ákveða og er nú auglýst til að taka þegar gildi sbr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

F.h. Eyjafjarðarsveitar, 1. mars 2005.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um merkingar búfjár.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja rekjanleika búfjárafurða frá upprunahjörð og/eða fæðingu viðkomandi dýrs til sölu afurða og skapa með því grundvöll að markvissu matvæla- og búfjárefirliti, eftirliti með flutningum dýra, skráningu búfjársjúkdóma og meðhöndlun þeirra.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin orð merkingu sem hér segir:

1. *Búfé*: Hross, nautgripir, svín, sauðfé, geitfé og alifuglar.
2. *Búsnúmer*: Landnúmer skv. fasteignamati auk númers rekstrareiningar innan býlis.
3. *Bæjarnúmer*: Númer býlis í sauðfjárrækt skv. landsmarkaskrá.
4. *Eftirlitsaðili*: Yfirdýralæknir, héraðsdýralæknir eða annar aðili sem hefur með höndum eftirlit með framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar.
5. *Einstaklingsnúmer*: Einkvæmt númer/bókstafir fyrir hvern ásetningsgrip á landsvísu.
6. *Eldisnúmer*: Fjögurra stafa númer grísa samsett af tveggja stafa framleiðandanúmeri og tveggja stafa vikunúmeri.
7. *Framleiðandanúmer*: Tveggja stafa númer svínahjarðar ákveðið af landbúnaðarráðuneytinu.
8. *Fæðingarnúmer*: Einstaklingsnúmer hrossa á heimsvísu. Í WorldFeng einnig nefnt FEIF-ID númer.
9. *Gripanúmer*: Númer grips innan hjarðar sem jafnframt er síðasti hluti einstaklingsnúmers.
10. *Grís*: Spenagrís, fráfarugrís eða eldisgrís.
11. *Heilsukort*: Safn upplýsinga með gögnum um greiningu og meðhöndlun sjúkdóma og fyrirbyggjandi aðgerðir.
12. *Hjarðbók*: Gagnagrunnur eða skýrsluhaldsform sem umráðamanni búfjár, að alifuglum undanskildum, er skylt að skrá í tilgreindar upplýsingar um dýr í hans umsjón.
13. *Hjörð*: Hópur tiltekinnar búfjártegundar innan sama býlis.
14. *Hópnúmer*: Minnst tíu stafa númer hóps í alifuglabúi.
15. *Lamba/kiðamerki*: Merki sem sett eru í lömb og kið að vori
16. *Lambanúmer*: Einkvæmt númer lamba innan hvers býlis innan fæðingarárs.
17. *Landsmarkaskrá*: Skrá um öll eyrnörk, brennimörk og frostmörk ásamt öllum bæjarnúmerum í landinu sem Bændasamtök Íslands gefa út skv. reglugerð nr. 200/1998 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, með síðari breytingum.
18. *Líf-/ásetningsdýr*: Dýr sem sett eru á til undaneldis og/eða nytja.
19. *Merki*: Plötumerki, frostmerki, örmerki eða önnur rafræn merki, húðflúr eða önnur skráning sem yfirdýralæknir viðurkennir fyrir einstakar búfjártegundir.
20. *Skráningaraðili*: Aðili sem annast skráningu upplýsinga í umboði landbúnaðarráðuneytisins, samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.
21. *Slátrun*: Varðar bæði slátrun í slátruhúsi og heimaslátrun til eigin nota á lögbýli.
22. *Stofn*: Sérstök ræktunarlína innan sama búfjarkyns.
23. *Svín*: Ásett lífdýr, gyltur og geltir.
24. *Tölvuskráningarkerfi*: Skráningarkerfi sem yfirdýralæknir hefur eftirlit með.

25. *Umráðamaður búfjár*: Eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði og vörslu þess í samræmi við lög nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.
26. *Valnúmer*: Númer sem umráðamaður nautgripa velur.
27. *Vikunúmer*: Tveggja stafa númer vikunnar sem spenagrís er fæddur í.
28. *WorldFengur*: Upprunaættbók íslenska hestsins.

3. gr.

Tilkynningarskylda.

Umráðamaður búfjár skal senda upplýsingar til skráningaraðila í samræmi við ákvæði viðauka I við reglugerð þessa.

Allir umráðamenn búfjár skulu vera skráðir í tölvuskráningarkerfi fyrir merkingar búfjár og skal skráningaraðili hafa lokið skráningu upplýsinga innan 5 virkra daga frá móttöku þeirra.

4. gr.

Merkingarskylda.

Umráðamaður búfjár ber ábyrgð á að allt búfé sem alið er á hans vegum sé merkt innan tilskilins tíma frá fæðingu með viðurkenndu merki, sem fylgja á dýrinu alla ævi þess, sbr. ákvæðin fyrir einstakar búfjártegundir.

Óheimilt er að breyta eða fjarlægja einstaklingsnúmer/merki dýrs eða eldishóps, nema það sé orðið ólæsilegt eða skemmt.

Missi dýr merki, glatist það, eða það verði ólæsilegt, skal umráðamaður endurmerkja dýrið með sams konar merki og sama númeri innan tímafrests sem yfirdýralæknir ákveður.

Nýja merkið skal vera forprentað með upplýsingum skv. 6. gr., eftir því sem við á og með bókstafnum N í sömu röð og bókstafirnir YD og IS, sem sýnir að um nýtt merki sé að ræða. Ef dýr ferst eða týnist skal það tilkynnt skráningaraðila.

Þangað til að hægt er að útvega nýtt merki, má nota forprentað bráðabirgðamerki. Bráðabirgðamerkið skal vera forprentað með þeim upplýsingum sem fram koma í a – c lið 6. gr., en heimilt er að skrá einstaklingsnúmer dýrsins með varanlegum merkilit.

Við sölu sauðfjár og geitfjár milli hjarða skal seljandi tilkynna skráningaraðila um söluuna. Kaupandi endurmerkir dýrin og tilkynnir skráningaraðila einstaklingsnúmer þeirra og bæjarnúmer.

Óheimilt er að flytja dýr til slátrunar og milli hjarða sem ekki uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar.

5. gr.

Kröfur um gerð plötumerkja fyrir ásetningsdýr.

Plötumerki skulu þannig gerð að ekki sé unnt að nota þau aftur eftir að þau hafa verið fjarlægð. Upplýsingar á merkjum skal prenta fyrirfram með skýru letri sem ekki er hægt að breyta. Plötumerki til notkunar samkvæmt reglugerð þessari skulu viðurkennd af yfirdýralækni.

6. gr.

Kröfur um upplýsingar á plötumerkjum ásetningsdýra.

Eftirfarandi upplýsingar skal forprenta á merki fyrir nautgripi og svín:

- a. YD-einkennisstafi embættis yfirdýralæknis.
- b. IS-einkennisstafi Íslands.
- c. Búsnúmer.
- d. Gripanúmer. Fyrir framan gripanúmer svína má þó prenta tveggja stafa framleiðandanúmer.

Heimilt er að litaskipta merkjum svína eftir stofni skv. reglum sem landbúnaðarráðuneytið setur.

Eftirfarandi upplýsingar skal forprenta á merki fyrir sauðfé:

- a. YD-einkennisstafi embættis yfirdýralæknis.
- b. IS-einkennisstafi Íslands.
- c. Bæjarnúmer skv. landsmarkaskrá.
- d. Fimm stafa gripanúmer, þar sem fyrstu tveir stafir númersins eru síðustu tveir tölustafir fæðingarárs, en síðari þrír tölustafir eru númer grips innan hjarðar.

Litir forprentaðra plötumerkja skulu vera skv. viðauka með reglugerð nr. 200/1998 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.

Ekki er krafist einstaklingsmerkja á grísi og alifugla.

Heimilt er að nota eigin valnúmerakerfi fyrir nautgripi til viðbótar forprentuðum upplýsingum.

Óheimilt er að nota númer sem þegar eru í notkun innan hjarðarinnar. Líða skulu 10 ár milli notkunar á sama einstaklingsnúmeri innan hjarðar.

7. gr.

Hjarðbók.

Umráðamaður búfjár er ábyrgur fyrir skráningu upplýsinga um öll dýr hjarðar sinnar í sérstaka hjarðbók, annaðhvort í gagnagrunn eða á skýrsluform, sem skráningaraðili lætur í té og viðurkennt er af yfirdýralækni.

Eftirfarandi upplýsingar um sauðfé, geitfé og nautgripi skal skrá í hjarðbók:

- a. Einstaklingsnúmer dýrs.
- b. Fæðingarmánuð og ár.
- c. Valnúmer, ef um slíkt er að ræða.
- d. Kyn dýrs.
- e. Stofn dýrsins.
- f. Einstaklingsnúmer móður.
- g. Dagsetningu slátrunar og ef dýrið ferst eða glatast.
- h. Alla flutninga lífdýra til og frá hjörð, bæði varanlega og tímabundna, þar með talið flutninga og rekstur á afrétt og flutninga á búfjársýningar.

Auk þess;

- i) nafn, heimilisfang og bús- eða bæjarnúmer sendanda og móttakanda;
 - ii) fjölda dýra sem eru flutt/seld;
 - iii) einstaklingsnúmer dýra sem eru flutt/seld.
- i. Dagsetning flutnings.
 - j. Móttekin plötumerki.

Eftirfarandi upplýsingar um svín skal skrá í hjarðbók:

- a. Einstaklingsnúmer.
- b. Fæðingarmánuð og ár.
- c. Kyn dýrs.
- d. Stofn dýrs.
- e. Einstaklingsnúmer móður.
- f. Dagsetningu dauða eða slátrunar.
- g. Alla svína og grísaflutninga til og frá hjörð, bæði varanlega og tímabundna.

Auk þess;

- i) nafn, heimilisfang og framleiðandanúmer sendanda og móttakanda;
- ii) fjölda dýra sem flutt/seld eru;
- iii) dagsetningu flutnings;
- iv) nafn og kennitölu flutningsaðila.

Þegar nýtt svín kemur inn í hjörð skal skrá einstaklingsnúmer þess. Þegar nýir grísir koma inn í hjörð skal skrá eldisnúmer þeirra.

Eftirfarandi upplýsingar um hross skal skrá í hjarðbók hrossa (WorldFeng):

- a. Fæðingarnúmer.
- b. Fæðingardag/-mánuð/ár.
- c. Fæðingarnúmer móður.
- d. Dagsetningu dauða eða slátrunar.
- e. Dagsetningu útflutnings.

8. gr.

Heilsukort.

Umráðamaður búfjár er ábyrgur fyrir að sjúkdómar í búfé hans og meðhöndlun þeirra sé skráð, sem og fyrirbyggjandi aðgerðir. Upplýsingar skulu skráðar á eyðublöð sem yfirdýralæknir viðurkennir eða í tölvuskrár. Við flutning dýra milli hjarða skal afrit heilsukorts fylgja dýrinu til móttakanda.

9. gr.

Varðveisla hjarðbókar og heilsukorta.

Hjarðbækur og heilsukort skulu umráðamenn búfjár varðveita í a.m.k. 10 ár. Sama gildir þótt framleiðslu sé hætt. Umráðamaður búfjár skal, að ósk héraðsdýralæknis, veita allar umbeðnar upplýsingar um uppruna, númer og eftir því sem við á, áfangastað þeirra dýra sem hann hefur átt, alið, selt á fæti eða slátrað.

10. gr.

Ábyrgð sláturhúsa og flutningsaðila.

Innan 10 daga frá slátrun gripis skal umsjónarmaður sláturhúss tilkynna skráningaraðila, á tölvutæku formi, hvaða dag slátrun fór fram, númer dýrs eða dýra, fjölda og uppruna þeirra.

Svínaafurðum sem fluttar eru frá sláturhúsi til frekari vinnslu og sölu í heilum skrokkum og/eða skrokkhlutum, skal fylgja eldisnúmer eða einstaklingsnúmer dýrs, eftir því sem við á.

Kjúklingaafurðum sem fluttar eru til frekari vinnslu, sbr. 2. mgr. skal fylgja hópnúmer.

Hrossa- og nautgripaafurðum sem fluttar eru til frekari vinnslu, sbr. 2. mgr., skal fylgja einstaklingsnúmer dýrs, eftir því sem við á.

Sauð- og geitfjárafurðum sem fluttar eru til frekari vinnslu, sbr. 2. mgr., skal fylgja einstaklingsnúmer dýrs, eftir því sem við á.

Flutningsaðilum er óheimilt að taka til flutnings ómerktá nautgripi, sauðfé/geitfé og svín.

Sláturhúsum er óheimilt að taka til sölu og vinnslu búfé sem ekki uppfyllir ákvæði reglugerðar þessarar um merkingar.

Berist ómerkt dýr í sláturrétt sláturhúss skal því slátrað og eiganda þess gefinn 24 klst. frestur til að færa sönnur á uppruna dýrsins. Yfirdýralæknir metur í hverju tilviki hvað telst fullnægjandi sönnun. Takist ekki að sanna uppruna/einstaklingsnúmer dýrsins er óheimilt að setja afurðirnar á almennan markað.

11. gr.

Ómerkt og óskráð dýr.

Komi í ljós að merkingum og skráningum dýra í tiltekinni hjörð sé ábótavant skal yfirdýralæknir stöðva allan flutning dýra frá hjörðinni, þ.m.t. flutning á afrétt.

Sinni umráðamaður búfjár ekki tilmælum yfirdýralæknis um að merkja búfé í hans umsjá, innan tímafrests sem yfirdýralæknir ákveður, getur yfirdýralæknir fyrirskipað merkingu búfjárins á kostnað eiganda.

12. gr.

Grunur um smitsjúkdóm.

Vakni grunur um smitsjúkdóm í hjörð skal umráðamaður búfjár þegar í stað tilkynna það héraðsdýralækni, sbr. ákvæði 5. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og ákvæði reglugerðar nr. 665/2001, um viðbrögð við smitsjúkdómum.

13. gr.

Tölvuskráningarkerfi.

Vegna skráningar á upplýsingum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skal vera til staðar samræmt tölvuskráningarkerfi sem aðgengilegt er öllum sem ala dýr til slátrunar og skulu umráðamenn búfjár hafa aðgang að upplýsingum er varða eigin gripi.

Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirumsjón með rekstri skráningarkerfisins en felur Bændasamtökum Íslands eða öðrum til þess bærnum aðilum, að hafa umsjón með skráningu upplýsinga í tölvuskráningarkerfið skv. ákvæðum reglugerðar þessarar.

Embætti yfirdýralæknis hefur eftirlit með skráningu upplýsinga í kerfið f.h. landbúnaðarráðuneytisins.

Aðangur að upplýsingum úr skráningarkerfi skv. 1. mgr. skal heimill yfirdýralækni, en öðrum aðilum, að fengnu leyfi frá landbúnaðarráðuneytinu.

14. gr.

Merkingar nautgripa.

Nautgripi skal merkja með plötumerki í eyra, innan 30 daga frá fæðingu, eða áður en þeir eru fluttir frá viðkomandi hjörð, ef flutningur á sér stað innan þess tíma.

Kálfar, sem slátrað er innan 30 daga frá fæðingu skulu auðkenndir þannig að númer móður sé gefið upp við slátrun.

15. gr.

Merkingar alifugla.

Framleiðandi skal auðkenna hvern alifuglahóp í útungunarstöð með sérstöku hópnúmeri. Númer þetta skal vera minnst tíu tölustafir og þannig uppbyggt, að fyrstu þrjú tölustafirnir auðkenna alifuglaframleiðandann, síðan koma tveir tölustafir fyrir árið, tveir fyrir vikuna sem ungarnir eru klaktir í, einn fyrir raðnúmer eldishópsins innan viku og loks tveir fyrir húsnúmer.

16. gr.

Merkingar grísa og svína.

Grísi má merkja með tvenns konar hætti:

Aðferð A: Spenagrísir merktir.

Allir spenagrísir skulu merktir innan 20 daga frá fæðingu með fjögurra stafa eldisnúmeri (húðflúri) í eyra. Meðhöndlun spenagrísa skal skrá í heilsukort með númeri móður. Með-

höndlaða merкта grísi aðra en spenagrísi skal auðkenna við upphaf lyfjagjafar og skrá meðhöndlunina með eldisnúmeri þeirra í heilsukort sbr. 8. grein.

Aðferð B: Spenagrísir ekki merktir.

Meðhöndlun ómerktra spenagrísa skal skrá í heilsukort með númeri móður.

Grísi aðra en spenagrísi skal merkja með raðnúmeri (plastmerki í eyra) við meðhöndlun og hún skráð með raðnúmeri þeirra í heilsukort sbr. 8. grein.

Fráfærugrísi, sem seldir eru frá upprunahjörð, skal þó ávallt merkja með fjögurra stafa eldisnúmeri í eyra (Aðferð A).

Merking (húðflúr/merki) skal vera skýr og sýnileg alla ævi dýrsins.

Framleiðandi skal velja um aðferð A eða B og nota aðra hvora þeirra en ekki báðar.

Aðkeypt svín skulu merkt skv. 6. gr. í upprunahjörð. Heimaaldar ásetningsgyltur skal merkja skv. 6. gr. við tilhleypingu. Heimaalda ásetningsgelti skal merkja skv. 6. gr. eigi síðar en við 6 mánaða aldur.

17. gr.

Merkingar hrossa.

Öll hross skal örmerkja eða frostmerkja.

Öll ásetningsfolöld skulu örmerkt eða frostmerkt við hlið móður fyrir 10 mánaða aldur. Folöld, sem slátrað er fyrir 10 mánaða aldur, skulu auðkennd þannig að fæðingarnúmer móður sé gefið upp við slátrun.

18. gr.

Merkingar sauð- og geitfjár.

Lömb og kið skal merkja með forprentuðu merki (lamba-/kiðamerki) innan 30 daga frá fæðingu. Á merkjunum skal koma fram bæjarnúmer skv. landsmarkaskrá og lambanúmer innan hjarðar. Endurnýting slíkra merkja er óheimil.

Ásetningsslömb/-kið skal merkja með plötumerki í lit skv. 6. gr. a.m.k í annað eyrað, en því til viðbótar skal auðkenna hvern grip með einni eftirtalinna aðferða:

- a) Sams konar merki sett í hitt eyrað.
- b) Með viðurkenndu rafrænu merki.
- c) Upphaflegt lamba/kiðamerki haldi sér, enda sé fyrsti stafur þess síðasti tölustafur fæðingarárs.

Litir forprentaðra plötumerkja skulu vera skv. viðauka með reglugerð nr. 200/1998 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.

19. gr.

Eftirlit.

Eftirlit með framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar er í höndum embættis yfirdýralæknis.

20. gr.

Kostnaður.

Kostnað sem hlýst af framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar bera eigendur búfjár, þó bera sláturleyfishafar þann kostnað sem af ákvæðum 10. gr. hlýst.

21. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 18. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., 19. gr. laga nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu

við dýr og 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum.

22. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 17. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum.

Reglugerðin er auk þess sett með hliðsjón af reglugerð þingsins og ráðsins, nr. 21/2004/EB, reglugerð þingsins og ráðsins nr. 1760/2000/EB, reglugerðum ráðsins nr. 2628/1997/EB og 2629/1997/EB, reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar nr. 911/2004, 2630/1997/EB og 494/98/EB, tilskipunum ráðsins nr. 64/432/EBE og 92/102/EBE.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 463/2003 um merkingar búfjár. Reglugerðinni fylgir viðauki I sem skoðast sem hluti reglugerðarinnar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gildistaka fyrir nautgripi:

Þrátt fyrir gildistökuákvæði reglugerðar þessarar, þarf ekki að merkja nautgripi sem fæddir eru fyrir 1. september 2003 fyrr en 1. janúar 2006.

Ekki er krafist endurmerkingar á nautgripum sem fæddir eru fyrir 1. september 2003 og skráðir eru í kynbótaskýrsluhaldskerfi Bændasamtaka Íslands við gildistöku reglugerðar þessarar og einstaklingsmerktir á fullnægjandi hátt. Ef slíkt merki týnist úr grip skal hann þó merktur skv. ákvæðum 6. gr.

Gildistaka fyrir sauð- og geitfé:

Öll lömb og kið fædd eftir 1. janúar 2006, skulu merkt skv. ákvæðum reglugerðar þessarar. Lömb og kið ásett haustið 2005 skal þó einstaklingsmerkja skv. 18. gr.

Ekki er krafist endurmerkingar á sauðfé og geitfé sem fætt er fyrir 1. janúar 2005 og skráð er í kynbótaskýrsluhaldskerfi Bændasamtaka Íslands við gildistöku reglugerðar þessarar og einstaklingsmerkt er á fullnægjandi hátt.

Sauðfé og geitfé sem fætt er fyrir 1. janúar 2005 og ekki er skráð í skýrsluhaldskerfi Bændasamtaka Íslands við gildistöku reglugerðar þessarar, skal merkja skv. 18. gr. reglugerðar þessarar fyrir 1. janúar 2006.

Gildistaka fyrir hross:

Ekki er gerð krafa um að hross sem fædd eru fyrir 1. janúar 2003 séu merkt skv. ákvæðum reglugerðar þessarar nema sérstakar markaðsaðstæður krefjist.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. mars 2005.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

VIÐAUKI I
Tilkynningarfrestir/tímamörk.

Í eftirfarandi viðauka koma fram þeir lágmarksfrestir sem eigandi/ábyrgðarmaður búfjár hefur til að tilkynna skráningaraðila atriði er varða búfé á hans ábyrgð.

Í eftirfarandi töflu er ávallt miðað við virka daga:

<i>Fæðingar</i>	Dagar eftir fæðingu
Kálfar	30
Grísir	7
Alifuglar	Enginn, nema meðhöndlaða.
Lömb og kið	30
<i>Sendingar af bú</i>	Dagar eftir sendingu
Nautgripir	7
Svín	7
Alifuglar	Enginn
Lömb og kið	7
<i>Móttaka á bú</i>	Dagar eftir móttöku
Nautgripir	7
Svín	7
Lömb og kið	7
<i>Umráðamannaskipti</i>	
Dagar eftir skipti	7
Hver skráir	Seljandi
<i>Slátrun</i>	
Dagar eftir slátrun	10
Hver skráir	Sláturleyfishafi
<i>Dauði gripa</i>	
Dagar eftir dauða/týnist/brottskr.	30
<i>Sjúkdómsgreining</i>	
Dagar eftir greiningu	2
<i>Meðhöndlun dýralæknis</i>	
Dagar eftir meðhöndlun	2
<i>Hjarðmeðhöndlun</i>	
Dagar eftir meðhöndlun	2
<i>Sláturfrestur/nýting afurða</i>	
Dagar eftir slátrun	2
<i>Flutningsfrestur gripa</i>	
Dagar eftir flutning	2
<i>Flutningsfrestur á bú</i>	
Dagar eftir flutning	2
<i>Hóp- og einstaklingsnúmeramerking</i>	
Aldur lífdýra	Innan
Nautgripir	30 daga
Hross	Fyrir 10 mánaða aldur
Svín	7 daga eftir tilhleypingu
Alifuglar	Enginn, nema meðhöndlun
Lömb og kið	7 mánaða
<i>Slátrun á óinnskráðum unggripum</i>	
Nýskráðir dagar eftir slátrun	30

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Þorlákshöfn.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Hafnarsvæði: Þorlákshafnar afmarkast af útivistarsvæði á Hafnarnesi að sunnan, Óseyr-arbraut, Hafnarskeiði og Nesbraut að vestan, Hafnarskeiði, götu sem hér er nefnd Skötubót og Austurgarði að norðan og austan. Svæðið er u.þ.b. 36 ha að stærð og nær yfir allt hafnarsvæðið að hafnarmannvirkjum meðtöldum.

Takmörk á sjó eru: Lína sem dregin er réttvísandi 1 sjómílu í austur frá Hafnarnesi og þaðan að línu, sem dregin er réttvísandi til norðurs að fjöruborði.

Landsvæði hafnarinnar skiptast í: Hafnarbakka og bryggjur, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði, götur, lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Sveitarfélagið Ölfus er eigandi hafnarinnar. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af sveitarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skipa fimm fulltrúar og fimm til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelða eðlilegri hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er ráðinn af hafnarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktar hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og bæjarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrir mælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Hafnarstjóri gerir tillögur til hafnarstjórnar um ráðningu og uppsögn hafnarstarfsmanna.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjórnar.

6. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Skip sem er lengra en 60 metrar (mesta lengd) má ekki fara inn eða úr höfn í Þorlákshöfn án samráðs við hafsögumann. Skip sem flytja hættulegan varning skulu taka hafsögumann um borð við siglingu inn í, út úr eða um höfnina í Þorlákshöfn.

Sérhvert skip, sem ætlar til Þorlákshafnar og skal hlíta eða óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 0,7 sjómílum undan Þorlákshöfn, ef skipstjóri æskir þess.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Höfnin veitir, eftir atvikum, aðstoð dráttarbáta, sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrir mælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrir mæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

7. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan í Árnessýslu hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hverskonar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bóta-laust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þörf.

8. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að álitni hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskoron til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirætlum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskoron til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

9. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma.

10. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskoronum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskoron skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

11. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

12. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, dómkvaddra af héraðsdómi Árnassýslu. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. gr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjú matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

Kæruheimild.

Notendum Þorlákshafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

14. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Þorlákshöfn nr. 91/1990 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 23. febrúar 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014, Hrífunes.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. mars 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014, frá 26. mars 2003.

Eftirtaldar breytingar verða á landnotkun á jörðinni Hrífunesi:

- Aukin uppbygging á verslunar- og þjónustusvæði (V1), þ.e. veitingaþjónusta, bændagisting o.fl. Samtals um 19 ha.
- Nýtt 9 ha verslunar- og þjónustusvæði (V17) fyrir veitingahús.
- Nýtt 258 ha svæði fyrir frístundabyggð (F19) fyrir 75-80 bústaði.
- Nýtt um 25 ha opið svæði til sérstakra nota (Ú2) fyrir tjaldsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 2. mars 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Djúpavogshöfn.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar

Hafnarsvæði.

Takmörk á sjó: Djúpavogshöfn nær yfir Berufjörð utanverðan, innan línu sem hugsast dregin milli eftirtalinna punkta: Æðarsteinn 64° 40,1 N og 14° 17,6 V, þaðan rv. norður í Strandarland milli Beruness og Þiljuvalla. Svartasker 64° 40,1 N og 14° 15,7 V og þaðan bein lína í Karlsstaðavita, 64° 41,3 N og 14° 13,7 V. Til suðausturs úr Svartaskeri í Langatanga 64° 39,95 N og 14° 15,5 V. Auk þess öll strandlengjan frá Æðarsteini að innan til Langatanga að utan.

Takmörk á landi eru: Gleðivíkurböfn; frá fremri vörðu, sem er beint vestur af grjótfyllingu norðan á athafnasvæði hafnarinnar, þaðan bein lína suðvestur í aftari vörðu. Þaðan bein lína í norðvesturhorn rafstöðvarhúss RARIK við Víkurland 15, þaðan bein lína í aftara leiðarmerki í Gleðivík innri, ofan við fiskimjölsverksmiðju. Þaðan bein lína 300 m til austurs. Þaðan bein lína til norðurs að fjörumörkum. Djúpavogshöfn; frá línu sem hugsast dregin í sjó fram beint í norður frá austurkanti götunnar Mörk, þar sem hún tengist við Víkurland. Þaðan sjávarmegin eftir götukanti gatnanna Mörk, Bakki og Vogaland, þaðan að beinni línu, sem skerst milli norðvesturhorns RARIK húss að Vogalandi 20 og Æðarsteinsvita. Lega að sjó á umræddu svæði, sbr. stafliði 1.2 og 1.3 miðast í öllum tilfellum við stórstraumsfjöru-
borð.

Helstu hafnarsvæði eru:

- a) Gleðivíkurhöfn með viðlegukanti, fiskimjölsverksmiðju og löndunarbúnaði.
- b) Djúpavogshöfn með olúgeymum, viðlegukanti, smábátahöfn, löndunarkrana, hafnarvog og fiskvinnsluhúsum.

Landsvæði hafnarinnar skiptast í:

- Hafnarbakka og bryggjur.
- Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
- Götur.
- Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Djúpavogshreppur, er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af sveitarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skipa þrjár fulltrúar og þrjár til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilegri hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er skipaður af hafnarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktar hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrir mælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórna.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

6. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Sérhvert skip, sem ætlar til Djúpavogshafnar og óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til hafnarstjóra með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 6 sjómílum undan Djúpavogshöfn, ef skipstjóri æskir þess.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöli. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Höfnin sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

7. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan í umdæmi sýslumannsins á Eskifirði hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu, er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu, án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bóttalaust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

8. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að álitni hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipisflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkur fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

9. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipisflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma.

10. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

11. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

12. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, dómkvaddra af héraðsdómi Austurlands. Hvorum aðila fyrir sig

er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. gr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

Kæruheimild.

Notendum Djúpavogshafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga.

14. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 417/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Djúpavogskaupþún, nr. 325/1974 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 23. febrúar 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir hafnir Fjarðabyggðar.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnanna.

Hafnarsvæði: Norðfjarðarhöfn, Eskifjarðarhöfn, Reyðarfjarðarhöfn og Mjóafjarðarhöfn.
Takmörk á sjó eru:

Norðfjarðarhöfn tekur yfir Norðfjörð vestan línu sem hugsast dregin frá Uxavogstanga í Hellisfjarðarnes. Skiptist höfnin í ytri og innri höfn.

Eskifjarðarhöfn takmarkast af línu er hugsast dregin frá Hólmanestá yfir fjörðinn að vestanverðri Stekkseyri.

Reyðarfjarðarhöfn nær yfir Reyðarfjörð innanverðan, vestan línu sem hugsast dregin milli Hrutatanga sunnan í Hólmanesi norðan fjarðar í Hlaðhamar vestan ósa Eyrarár sunnan fjarðar.

Mjóafjarðarhöfn tekur yfir Mjóafjörð vestan línu sem hugsast dregin úr Eldleysu norðan fjarðarins í Hafnartanga sunnan fjarðarins.

Takmörk á landi eru:

Norðfjarðarhöfn: Ytri höfnin tekur yfir svæðið frá ytri takmörkum hafnarinnar að fjarðarbotni. Í henni er hafnarlega og allt viðlegupláss meðfram strandlengjunni norðanverðri frá Neseysi að Vindheimi.

Innri höfnin er allt hafnarsvæðið, viðlegupláss og smábátahöfn innan ytri takmarka sjóvarnargarða, er ganga í sjó fram úr fjarðarbotninum.

Eskifjarðarhöfn: Takmörk á landi eru frá Hólmanestá að Merkisteini. Á Hólmaströnd ræður stórstraumsflóðborð. Frá merkisteini að Bleiksá ræður sjávarbrún þjóðvegur. Frá Bleiksá að Mjóeyri ræður syðri brún Strandgötu. Frá innri Mjóeyrarvík að vestanverðri Stekkseyri ræður stórstraumsfjöruborð.

Reyðarfjarðarhöfn: Takmörk á landi eru frá Hlaðhamri sunnan fjarðar að Norðurá fyrir fjarðarbotni og þar ræður stórstraumsflóðborð. Frá Norðurá ræður austurbrún Leiruvogar til norðurs að Nesbraut. Suðurbrún Nesbrautar til austurs að Búðargötu, vesturbrún Búðargötu að Strandgötu. Suðurbrún Strandgötu til austurs að enda hennar austan Búðarár. Þaðan bein lína framlengd að sjó í Oddnýjarhæðarvík, þaðan til norðurs að Austurvegi. Suðurbrún Austurvegar að Merkilæk. Þaðan ræður stórstraumsflóðborð að Hrutatanga norðan fjarðar að undanskilinni Mjóeyri við Sómastaðagerði, en eyrin öll að brekkurótum tilheyrir hafnarsvæði.

Helstu hafnarsvæði eru:

Landsvæði hafnarinnar skiptast í:

- Hafnarbakka og bryggjur.
- Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
- Götur.
- Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnanna.

Fjarðabyggð, er eigandi hafnanna. Sveitarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af sveitarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 5 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Fjarðabyggðar kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Þegar fjallað er um málefni Mjóafjarðarhafnar á fulltrúi hreppsnefndar Mjóafjarðarhrepps sæti í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelða eðlilegri hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

Hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps hefur þó með höndum úthlutun lóða á hafnarsvæði í Mjóafirði.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er skipaður af hafnarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktu hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

6. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Sérhvert skip, sem ætlar til Norðfjarðarhafnar og óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til hafnarstjóra með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 6 sjómílum undan Norðfjarðarhöfn, ef skipstjóri æskir þess.

Sérhvert skip, sem ætlar til Eskifjarðarhafnar og óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 4 sjómílum undan Eskifjarðarhöfn, ef skipstjóri æskir þess.

Sérhvert skip, sem ætlar til Reyðarfjarðarhafnar og óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til hafnarstjóra með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 6 sjómílum undan Reyðarfjarðarhöfn, ef skipstjóri æskir þess.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Höfnin sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

7. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan í umdæmi sýslumannsins á Eskifirði hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónaðsynlegan akstur hverskonar ökutækja og ónaðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

8. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirætlum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

9. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olfu, lýsi, olfusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma.

10. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

11. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

12. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, dómkvaddra af héraðsdómi Austurlands. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvæðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. gr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

Kæruheimild.

Notendum hafna Fjarðabyggðar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

14. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðabyggðar nr. 390/2000, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 23. febrúar 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Grindavíkurhöfn.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Hafnarsvæði Grindavíkurhafnar.

Takmörk á sjó eru eftirfarandi: Hafnarsvæði Grindavíkurhafnar takmarkast á eftirfarandi hátt. Öll Járngerðarstaðavík með öllum vogum og víkum, ásamt Hópinu, sem takmarkast af Hópsnesi að austan og hugsaðri línu gegnum bæina Krosshús og Hlið að vestan.

Takmörk á landi eru sem hér segir: Að vestan byrjar hafnarsvæði Grindavíkurhafnar sunnan við Garðveg á móts við flaggstangarhús þaðan að Ægisgötu beggja megin hennar að svæði sunnan Hafnargötu að Hópsvegi niður eftir honum og austur eftir Bakkalág að Stakkavík, þá í línu að Hólmasundi og eftir því og Vörðusundi og frá enda Vörðusunds í enda ytri brimvarnargarðs.

Helsta hafnarsvæði er: Hópið.

Landsvæði hafnarinnar skiptast í:

- Hafnarbakka og bryggjur.
- Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
- Götur.
- Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Grindavíkurbær, er eigandi hafnarinnar. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn hafnarmála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af bæjarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda bæjarstjórnar. Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 5 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Grindavíkur kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelða eðlilegri hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er skipaður af hafnarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktar hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og bæjarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn í samráði við bæjarstjóra.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrir mælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

6. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Skip sem er lengra en 70 metrar (mesta lengd) og skip sem flytja hættulegan varning, skulu taka hafnsögumann um borð við siglingu inn í, út úr eða um, innri höfnina í Grindavíkurböfn.

Sérhvert skip, sem ætlar til Grindavíkurhafnar og skal hlíta eða óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1,5 sjómílum undan Hópsnesi, ef skipstjóri æskir þess.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Hafnarstjóra er heimilt að veita skipstjóra skips sem skylt er að lúti hafnsögu skv. þessari grein, undanþágu frá hafnsögu. Skilyrði undanþágu er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi eða sambærilegu skipi reglulega til hafnarinnar síðastliðið ár og komið a.m.k. 8 sinnum til hafnarinnar og ekkert verið athugavert við þær siglingar. Undanþágan gildir einungis til siglinga á það eða þau hafnarsvæði, sem viðkomandi hefur reglulega komið á. Nú hefur skipstjóri ekki gegnt skipstjórnarstörfum í 2 ár og fellur undanþágan þá niður.

Undanþága frá hafnsögu skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náið talstöðvar samband við hafnsögumenn og hlíta í einu og öllu fyrirmælum þeirra, ella má svipta þá undanþágunni fyrirvaralaust.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Höfnin veitir, eftir atvikum, aðstoð dráttarbáta, sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

7. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan í Keflavík hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hverskonar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

8. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnar-

stjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

9. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma.

10. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútdandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

Sé talin ástæða til getur hafnarstjóri farið fram á að viðskiptavinir leggi fram tryggingu fyrir greiðslu hafnargjalda.

11. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

12. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, dómkvaddra af héraðsdómi Reykjaness. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvæðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. gr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

Kæruheimild.

Notendum Grindavíkurhafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

14. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 417/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Grindavíkurhöfn nr. 246/1990 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 23. febrúar 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

23. febrúar 2005

Nr. 295

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Borgarfjarðarhöfn.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Til Borgarfjarðarhafnar telst fjörðurinn allur innan línu er hugsast dregin úr Hafnartanga í Landsenda.

Takmörk hafnarinnar á landi eru þessi: Hafnargarði við Bakkagerði tilheyrir aðeins Bakkafjara.

Bátahöfn við Hafnarhólma tilheyrir sneið af Hafnarlandi úr Karlfjörukrók inn að grafningi á Kolbeinsfjörubakka norðan vegar að höfninni auk sneiða af Hafnarhólma.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar og rekstrarform.

Borgarfjarðarhreppur er eigandi hafnarinnar. Hreppsnefndin fer sjálf með yfirstjórn hafnarmála en heimilt er henni að kjósa sérstaka hafnarnefnd.

Um kosningu hennar og starfs- og valdsvið fer þá skv. samþykktum Borgarfjarðarhrepps.

Borgarfjarðarhöfn skal rekin sem sérstakur málaflokkur Borgarfjarðarhrepps sbr. 10. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Borgarfjarðarhöfn er heimilt að innheimta gjöld skv. 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og skal þá setja sérstaka gjaldskrá fyrir höfnina.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps, ef ráðinn er, er jafnframt hafnarstjóri Borgarfjarðarhafnar að öðrum kosti er oddviti hreppsins hafnarstjóri.

Hafnarstjóri fer með daglega stjórn hafnarinnar. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk samþykktar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum sveitarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

4. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

5. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan í umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hverskonar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bóta-laust.

6. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskoron til eiganda og/eða umráða-

manns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirætlum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskörun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

7. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olúsora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma.

8. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem málsgrein þessi heimilar.

9. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt samþykkt þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

10. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, dómkvaddra af héraðsdómi Austurlands. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. mgr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

11. gr.

Kæruheimild.

Notendum Borgarfjarðarhafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt samþykkt þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

12. gr.

Brot.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Gildistaka

Samþykkt þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu nr. 173/1973, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 23. febrúar 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUR

um meistaranám við Háskóla Íslands í umhverfis- og auðlindafræðum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands (H.Í.). Námið er þverfaglegt og skipulagt sameiginlega af þeim háskóladeildum sem aðild eiga að því.

Reglur um námið eru sérreglur gagnvart ákvæðum 68. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, og reglum einstakra deilda um framhaldsnám. Sameiginlegar reglur H.Í. og reglur deilda gilda þó eftir því sem við á ef þessar reglur hafa ekki að geyma ákvæði um

einstök tilvik. Fyrirvarar deilda í reglum og kennsluskrá um fjárveitingar, fánlegt kennara-lið og slík atriði gilda gagnvart þeim nemendum sem skráðir eru í námið.

2. gr.

Markmið.

Meistaránám í umhverfis- og auðlindafræðum er þverfaglegt nám sem miðar að því að veita fræðilega menntun á ýmsum sviðum er snerta umhverfismál og nýtingu auðlinda.

Með náminu skal koma til móts við þarfir samfélagsins um rannsóknir, þjónustu og stefnumótun sem tengist umhverfismálum og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og efla þekkingu á þessum sviðum.

3. gr.

Um námið.

Námið er skipulagt og stundað í umboði þeirra háskóladeilda sem aðild eiga að því, án tillits til fjölda skráðra nemenda frá viðkomandi deild. Aðild að náminu felur í sér að viðkomandi deild er bundin af reglum þessum, svo og af samkomulagi um námið, sbr. 2. mgr.

Samstarfsdeildir gera með sér samkomulag um framkvæmd námsins og þróun þess. Í því skal kveða á um hvaða deild hefur umsjón með náminu, fjármögnun þess og önnur atriði sem lúta að fjárhagslegum samskiptum.

Umsjónardeild annast umsýslu námsins, s.s. upplýsingagjöf til nemenda, tilkynningar, frágang kennsluskrár og slík atriði. Nánar skal kveðið á um í samkomulagi deilda hvert hlutverk umsjónardeildar er.

Við inntöku í námið skal eftir því sem við verður komið, höfð hliðsjón af reglum þeirrar deildar þar sem rannsóknarverkefni (ritgerð) nemanda er unnið eða meginhluti náms hans fer fram, enda skal nemandinn skráður í þá deild og brautskrást þaðan. Liggja ekki fyrir við hvaða deild rannsóknarverkefnið verði unnið skal nemandi fyrst um sinn vera skráður í umsjónardeild, en skal síðan breyta skrásetningu sinni og vera skráður hjá þeirri deild þar sem meginhluti náms fer fram, enda fallist sú deild á flutninginn, sbr. c-lið 2. mgr. 6. gr.

4. gr.

Stjórn námsins.

Rektor skipar stjórn meistaranáms í umhverfis- og auðlindafræðum til þriggja ára í senn. Hver háskóladeild sem aðild á að náminu tilnefnir einn fulltrúa af sinni hálfu í námsstjórn og að auki skipar rektor formann stjórnarinnar án tilnefningar. Með tilnefningu í námsstjórn öðlast viðkomandi háskóladeild aðild að náminu með þeim réttindum og skyldum sem henni fylgja.

Námsstjórn ber faglega ábyrgð á náminu í umboði þeirra deilda sem aðild eiga að því. Námsstjórn fer með öll sameiginleg málefni námsins, skipuleggur það og hefur yfirumsjón með því.

Námsstjórnin tryggir gæði námsins m.a. með því að yfirfara og samþykkja umsóknir, samþykkja námsáætlanir og breytingar á þeim, skipa menn í meistaranámsnefndir og tilnefna prófdómara fyrir meistaraþróf.

Falli atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu í stjórn sker atkvæði formanns úr.

5. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur er til 15. mars fyrir innritun á haustmisseri en til 15. september fyrir innritun á vormisseri. Stjórn námsins getur veitt undanþágu frá þessum tímasetningum ef sérstaklega stendur á.

6. gr.

Meðferð umsókna.

Umsóknum merktum „Umhverfis- og auðlindafræði“ skal skilað til skrifstofu umsjónardeildar. Námsstjórn fjallar um umsóknir og ber að líta til gæða þeirra og inntökuskilyrða. Stjórnin afgreiðir umsóknir og tilnefnir umsjónarkennara. Umsókn skal fylgja námsáætlun, þ.m.t. listi yfir fyrirhuguð námskeið. Breytingar á námsáætlun eru háðar samþykki námsstjórnar.

Ferli umsókna um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræði er eftirfarandi:

- a) Stúdent sækir um inngöngu í meistaranám á sérstöku eyðublaði sem fæst á deilda-skrifstofum H.Í. Umsókninni er skilað til skrifstofu umsjónardeildar sem skráir hana og sendir til námsstjórnar.
- b) Greint skal frá því hvort umsækjandi hyggst sækja um fjárstuðning í tengslum við námið (t.d. til Rannsóknánámssjóðs, fyrirtækja eða stofnana). Liggja fyrir drög að umsókn til sjóða skulu þau fylgja umsókn um meistaranám. Sé rannsóknarverkefni unnið utan deilda Háskóla Íslands skal fylgja með yfirlýsing fyrirtækis eða stofnunar sem verkefnið er unnið hjá. Þessi yfirlýsing skal staðfesta þátttöku fyrirtækis eða stofnunarinnar í verkefninu.
- c) Námsstjórnin sendir umsókn til viðkomandi deildar með beiðni um að nemandinn hljóti skrásetningu til námsins við deildina. Deild ber að verða við slíkri beiðni nema mjög veigamikil rök eða sérreglur deildar (sbr. 1. gr.) hamli skrásetningu. Að fenginni staðfestingu á skrásetningu afgreiðir deildin umsóknina og sendir tilkynningu þar að lútandi til nemendaskrár.
- d) Afgreiðslu umsóknar skal að jafnaði vera lokið og henni svarað skriflega innan sex vikna frá móttöku. Umsókn er synjað ef hún uppfyllir ekki gæðakröfur.
- e) Nemandi sem námsstjórnin hefur samþykkt í meistaranám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið og greiðslu skrásetningargjalds. Skráning vegna náms á haustmisseri skal fara fram í síðasta lagi 31. júlí, en 30. október fyrir nám á vormisseri.

7. gr.

Inntökuskilyrði.

Til að innritast í meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum þarf að hafa lokið B.S.- eða B.A.-prófi eða öðru háskólanámi sem metið er jafngilt fyrsta háskólaprófi eða sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum. Námsstjórnin metur próf frá öðrum skólum en H.Í. Viðkomandi deild getur sett frekari skilyrði fyrir innritun.

8. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Nám í umhverfis- og auðlindafræðum er 60 einingar. Miðað skal við að lengd námsins sé tvö ár (fjögur misseri). Við brautskráningu skal stúdent sýna fram á að hann hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímann, eða samkvæmt nánari reglum sem H.Í. kann að setja.

9. gr.

Námsleiðir, framvinda og samsetning náms.

Námið skal fela í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og þátttöku í námskeiðum á framhaldsnámsstigi. Þungamiðja námsins er rannsóknar- eða þróunarverkefni innan umhverfis- og auðlindafræða og ritgerð sem byggist á því. Stærð verkefnisins er ákveðin í námsáætlun og skal vera minnst 15 einingar en mest 30 einingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum, málstofum eða lesnámskeiðum.

Allir nemendur þurfa að hafa lokið tilteknum skyldunámskeiðum, þ.e. skyldukjarna, til að útskrifast með M.S.- / M.A.-gráðu í umhverfis- og auðlindafræðum við H.Í. Námskeið í skyldukjarna eru tilgreind í kennsluskrá. Hafi nemandi við innritun þegar lokið námi sem er sambærilegt tilteknu námskeiði í skyldukjarna getur námsstjórn samþykkt að valnámskeið sé tekið í þess stað.

Við lok fyrsta misseris skal nemandi hafa valið sér leiðbeinanda fyrir rannsóknarverkefni og veitir umsjónarkennari aðstoð við valið. Þá skal einnig liggja fyrir lýsing á rannsóknarverkefni og áætlun um framkvæmd þess. Námsstjórn samþykkir lýsinguna og áætlunina.

10. gr.

Námskeið í grunnnámi sem hluti af framhaldsnámi.

Námskeið í framhaldsnámi skulu að jafnaði vera sérstök framhaldsnámskeið við H.Í. eða aðrar viðurkenndar stofnanir. Nemendum í meistaranámi í umhverfis- og auðlindafræðum er heimilt að taka námskeið í grunnnámi sem hluta af framhaldsnámi, enda sé það nauðsynleg undirstaða hins þverfaglega náms. Miðað skal við að námskeið úr grunnnámi nemi ekki fleiri einingum en 10 af 60. Miðað skal við að lágmarkseinkunn úr námskeiðum í grunnnámi sé 6,0.

11. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Sérhver meistaranemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara H.Í. í viðkomandi deild, sbr. 3. gr., sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og leiðbeinanda með rannsóknarverkefni, ef við á, og annað sem tengist náminu. Umsjónarkennari ásamt nemanda leggur fram námsáætlun sem stjórn námsins samþykkir. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Nemanda er heimilt að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda enda uppfylli hann kröfur þessara reglna. Nú eru umsjónarkennari og leiðbeinandi ekki sami einstaklingurinn og hefur umsjónarkennari umsjón með náminu og er ábyrgur fyrir því að það sé í samræmi við kröfur viðkomandi deildar, en leiðbeinandi sér um að leiðbeina nemanda í rannsóknarverkefni.

12. gr.

Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinenda.

Umsjónarkennari skal vera fastráðinn kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi deild. Nú er leiðbeinandi ekki fastur kennari og er þá nauðsynlegt að hann hafi a.m.k. lokið meistaraþrófi á viðkomandi fræðasviði. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans.

13. gr.

Meistaránámsnefndir.

Námsstjórnin skipar þrjá sérfróða menn í meistaránámsnefnd, þar á meðal eru leiðbeinandi og umsjónarkennari. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun, svo og að tryggja fagleg gæði rannsóknvinnunnar í samræmi við reglur. Meistaránámsnefnd heldur reglulega fundi með nemandanum og skilar árlegri skýrslu um framvindu námsins til námsstjórnarinnar.

Námsstjórnin getur vikið frá ákvæði 1. mgr. ef sérstaklega stendur á.

14. gr.

Prófdómarar.

Námsstjórnin tilnefnir prófdómara. Prófdómari og meistaránámsnefnd prófa meistaranema og leggja mat á lokaverkefnið. Prófdómari skal ekki vera tengdur rannsóknarverkefninu.

15. gr.

Námsmat og meistaraþróf.

Þegar ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats staðfest námsferilsyfirlit nemanda. Um einkunnir gilda ákvæði samkvæmt reglum fyrir Háskóla Íslands.

Í meistaraþrófi flytur nemandi opinberan fyrirlestur um lokaverkefnið en að honum loknum er nemandinn prófaður. Prófdómari, ásamt meistaranámsnefnd, meta frammistöðu nemanda og úrskurða hvort nemandi hafi staðist prófið.

16. gr.

Skil og frágangur meistarařitgerða.

Meistaraþrófsritgerð skal leggja fram í þremur eintökum fyrir meistaraþrófsnefnd og prófdómara minnst þremur vikum fyrir áætlaðan prófdag. Við frágang lokaverkefna og meðferð heimilda skal nemandi fylgja reglum þeirrar deildar sem hann brautskráist frá. Koma skal skýrt fram að verkefnið sé unnið innan umhverfis- og auðlindafræða og við þá deild sem nemandinn brautskráist frá. Geta skal þeirra sjóða sem styrkt hafa verkefnið, ef það á við. Ritgerð skal vera á íslensku eða ensku en útdráttur á báðum tungumálum skal fylgja.

17. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Hluta meistaranáms má taka við aðra háskóla eða viðurkenndar rannsókn- eða vísindastofnanir.

18. gr.

Lærdómstitill.

Meistaraþróf samkvæmt þessum reglum veitir rétt til lærdómstitilsins *Magister Artium* (M.A.) eða *Magister scientiarum* (M.S.) í umhverfis- og auðlindafræðum eftir því frá hvaða deild nemandi brautskráist.

19. gr.

Gildistaka o.fl.

Þessar reglur sem hafa verið samþykktar af viðkomandi háskóladeildum og hafa einnig hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglurnar í kafla þverfaglegs náms í kennsluskrá og á heimasíðu umsjónardeildar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Með gildistöku reglna þessara tekur námsstjórn þverfaglegs meistaranáms í umhverfis- og auðlindafræðum við skipulagi og umsjón þverfaglegs meistaranáms í umhverfisfræðum og sjávarútvegsfræðum, sbr. 8. gr. reglna nr. 827/2001, um Umhverfisstofnun H.Í., og 8. gr. reglna nr. 823/2001, um Sjávarútvegsstofnun H.Í.

Háskóla Íslands, 25. febrúar 2005.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Hornafirði árið 2005.

1. gr.

Bæjarstjórn Hornafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) árið 2005, og skal gjaldið innheimt með fasteignagjöldum.

Sorphreinsigjald að lágmarki kr. 11.000 skal innheimt af heimilum vegna hvers sorphiláts og þeim fyrirtækjum sem notfæra sér slíka þjónustu, m.a. vegna eldhúsa og kaffistofa.

Sorpeyðingargjald að lágmarki kr. 5.500 skal innheimt af heimilum vegna hvers sorphiláts og af fyrirtækjum fyrir móttöku og eyðingu úrgangs. Ennfremur er heimilt að innheimta slíkt gjald af sumarbústöðum.

Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur og einnig þeir sem stunda búrekstur á lögbýlum.

2. gr.

Fjárhæð gjalda er sem hér greinir:

- | | | | |
|---|--|--------|--|
| A | <i>Íbúðir:</i> | kr. | |
| | Einingargjald sorphirðu | 11.000 | |
| | Einingargjald sorpeyðingar | 5.500 | |
| B | <i>Fyrirtæki/lögbýli með umtalsverða ferðaþjónustu:</i> | | |
| | Bæjarráð raðar starfsstöðvum fyrirtækja í flokka að teknu tilliti til umfangs rekstrar og þess sorpmagns sem almennt má reikna með að til falli. | | |
| | Sorpeyðingargjald getur á grundvelli þess verið lagt á skv. eftirfarandi flokkum: | | |

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
a)	22.000	d)	82.500
b)	44.000	e)	110.000
c)	55.000	f)	165.000

- C *Lögbýli fyrst og fremst í búrekstri:*
Sorpeyðingargjald er kr. 11.000.
- D *Sumarbústaðir:*
Sorpeyðingargjald er kr. 2.750.

3. gr.

Fyrirtæki geta farið fram á endurskoðun ákvörðunar um flokkun skv. B-lið 2. gr. Þá er bæjarstjórn einnig heimilt að endurákvæða flokkun vegna nýrra fyrirtækja sem hefja rekstur á árinu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar með vísan til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykktar um sorphirðu á Hornafirði og gildir fyrir árið 2005.

Hornafirði, 3. janúar 2005.

Albert Eymundsson bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir almenna sorphirðu og förgun úrgangs frá fyrirtækjum í Hörgárbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorphreinsi- og sorpeyðingargjald árlega í sveitarfélaginu. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Sorpgjald á íbúðir, árgjald kr. 10.000.

2. gr.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur ákveðið að gjald vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum verði kr. 3,10 pr. kg án virðisaukaskatts.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgárbyggðar 24. nóvember 2004 og 16. febrúar 2005 er sett samkvæmt ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur þegar gildi og kemur í stað gjaldskrár sama efnis frá 2004.

Hörgárbyggð, 19. febrúar 2005.

Helga A. Erlingsdóttir sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag lóðarinnar Austurvegur 69 á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 9. febrúar 2005 tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina Austurvegur 69 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:1000 þann 10. mars 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 25. júní til og með 23. júlí 2004 með athugasemdafresti til og með 6. ágúst 2004.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 7. mars 2005.

Grétar Zóphaniasson, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 506/1997.

1. gr.

2. gr. verður svohljóðandi:

Umhverfissráðherra skipar samvinnunefndina til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 11 fulltrúar. Tveir skulu skipaðir án tilnefningar, bæði formaður og varaformaður.

Eftirtaldar stofnanir tilnefna einn fulltrúa hver:

Hafrannsóknastofnunin,	Rannsóknastofnun landbúnaðarins,
Háskólinn á Akureyri,	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar,
Háskóli Íslands,	Umhverfisstofnun og
Náttúrufræðistofnun Íslands,	Veðurstofa Íslands.
Rannsóknarráð Íslands,	

2. gr.

1. gr. fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. gr. laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 8. mars 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa á Fljótsdalshéraði.

1. gr.

Fyrir hverja húseign innan marka Fljótsdalshéraðs með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu Fljótsdalshéraðs, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 5. gr. samþykktar um notkun og hreinsun, losun og frágang rotþróa á Fljótsdalshéraði.

Ef fleiri en ein húseign er tengd rotþró skal þjónustugjaldi deilt með jöfnum hætti á fasteignir, nema ef sýnt er fram á aðra eignar- eða notkunarskiptingu á þrónni.

2. gr.

Þjónustugjald samkvæmt 5. gr. skal vera sem hér segir:

Stærð rotþróar í m ³	Þjónustugjald
< 4,5 m ³	7.750
4,5 – 6,5 m ³	11.125

Tæmingargjald fyrir rotþró sem er 6,6 m³ eða stærri er kr. 11.750 að viðbættum kr. 2.500 fyrir hvern byrjaðan rúmmetra umfram 6,6.

Ef fleiri en ein húseign nýtir rotþró og um er að ræða íbúðarhúsnæði eða sumarbústaði sérmetna í fasteignamati, skal aldrei innheimta hærra gjald skv. 1. mgr. en kr. 7.750 af hverri húseign.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 50 metra. Sé vegalengdin meiri er heimilt að krefja eiganda fráveitunnar um álag á þjónustugjaldið sem nemur 25%.

Ofangreind gjöld miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2004 og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir vísitölu byggingarkostnaðar í janúar hvert ár, í fyrsta sinn í janúar 2006.

3. gr.

Gjalddagi og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld skv. gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt um hreinsun, losun og frágang rotþróa á Fljótisdals-heraði, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og var samþykkt af umhverfis- og náttúruverndarnefnd Fljótisdalshéraðs þann 16. febrúar 2005, og staðfest af bæjarstjórn Fljótisdalshéraðs 2. mars 2005, til að taka gildi við birtingu.

Egilsstöðum, 3. mars 2005.

Anna Björk Hjaltadóttir, umhverfisfulltrúi Fljótisdalshéraðs.

AUGLÝSING

um breytingu á námskrá fyrir sérdeildir framhaldsskóla, starfsbrautir.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur í samræmi við auglýsingu um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla nr. 274/1999 og auglýsingu um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum, nr. 661/2004, staðfest breytta útgáfu gildandi námskrár fyrir sérdeildir framhaldsskóla, starfsbrautir, sem kemur í stað samnefndrar námskrár frá árinu 2000. Í námskránni er skilgreint allt að fjögurra ára nám á starfsbrautum sérdeilda framhaldsskóla.

2. gr.

Framhaldsskólar skipuleggja námsleiðir á starfsbrautum miðað við forsendur nemendahópsins og sérstöðu hvers skóla. Samsetning námsins og fjöldi eininga í hverri námsgrein getur því verið mismunandi eftir skólum og einnig eftir einstaklingum því kennslan er einstaklingsmiðuð bæði er varðar innihald og tímalengd. Hér er sýnt dæmi um útfærslu. Hún sýnir einungis hvernig nám á starfsbraut gæti litið út. Hver skóli skilgreinir eigin útfærslu á starfsbraut og birtir í skólanámskrá.

Námsáfangar á starfsbrautum sérdeilda framhaldsskóla eru:

Bókfærsla		2 ein.
Bókfærsla	BÓK 1S1, 2S1	2 ein.
Tungumál		4 ein.
Enska	ENS 1S1, 2S1, 3S1, 4S1	4 ein.
Heilbrigðisfræði		2 ein.
Heilbrigðisfræði	HBF 1S1, 2S1	2 ein.
Íþróttir		8 ein.
Íþróttir og sund	ÍÞR 1S1, 2S1, 3S1, 4S1, 5S1, 6S1, 7S1, 8S1	8 ein.
Lífsleikni		12 ein.
Lífsleikni	LKN 1S1, 2S1, 3S1, 4S1, 5S2, 6S2, 7S2, 8S2	12 ein.
Íslenska		16 ein.
Íslenska (og/eða táknmál)	ÍSL 1S2, 2S2, 3S2, 4S2, 5S2, 6S2, 7S2, 8S2	16 ein.
Ritvinnsla og tölvufræði		5 ein.
Tölvufræði	TÖL 1S1, 2S1, 3S1, 4S1, 5S1	5 ein.
Samfélagsgreinar/ Náttúrufræði		4 ein.
	FÉL/NÁT 1S1, 2S1, 3S1, 4S1	4 ein.
Skyndihjálpar og endurlífgun		1 ein.
Skyndihjálpar	SKY 1S1	1 ein.
Stærðfræði		16 ein.
Stærðfræði	STÆ 1S2, 2S2, 3S2, 4S2, 5S2, 6S2, 7S2, 8S2	16 ein.
List og verkgreinar		20 ein.
Val nemanda og skóla t.d.	AVV, FAT, RAF, HEI, MYN, SJL, TÓN, TRÉ, LEI söngvakeppni, stuttmyndasamkeppni	20 ein.
Sérgreinar brautarinnar		50 ein.
Starfsnám í skóla	SAT 1S2, 2S2, 3S2	6 ein.
Starfsnám á vinnustað	STV 1S3, 2S3, 3S3, 4S3, 5S5, 6S5, 7S5, 8S5	32 ein.
Sérgreinar að vali skóla,	t.d. undirbúningur ökunáms, hestamennska, upplýsinga- og samskiptatækni	12 ein.
	Alls:	140 ein.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Nám á starfsbrautum sérdeilda framhaldsskóla skv. námskrá þessari hefst skólaárið 2005-2006. Nemendum sem hafa þegar hafið nám á starfsbrautum sérdeilda framhaldsskóla, á grundvelli fyrri námskrár, er heimilt að ljúka námi skv. þeirri skipan.

Menntamálaráðuneytinu, 7. mars 2005.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytta útgáfu af brautalýsingum skv. gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla, sem birt var með auglýsingu nr. 661/2004. Ný brautalýsing aðalnámskrár framhaldsskóla skv. auglýsingu þessari kemur í stað texta á bls. 1702 í B-deild Stjórnartíðinda 2004 í brautalýsingum snyrtigreina, hársnyrtiiðn (HG9).

2. gr.

Ný brautarlýsing fyrir námsbraut í hársnyrtiiðn verður sem hér segir:

Hársnyrtiiðn (HG8)

168 ein.

Iðnnám á verknámsbraut

Hársnyrtiiðn er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár og skiptist í fimm anna nám í skóla og 72 vikna starfsþjálfun á vinnustað. Markmið námsins er að gera nemendur færa um að veita þá alhliða þjónustu sem í boði er á hársnyrtistofum á hverjum tíma. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Almennar greinar

24 ein.

Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Erlend tungumál	DAN 102 ENS 102 + 4 ein.	8 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211 +1 ein.	5 ein.

Sérgreinar

72 ein.

Blástur	BLS 101 201 301 401 501	5 ein.
Háralitun	HLI 101 202	3 ein.
Hárgreiðsla	HGR 103 203 303 402 503	14 ein.
Hárþvottur og snyrting	HÞS 101	1 ein.

Iðnfræði	IFH 102 202 302 401 501	8 ein.
Iðnteikning	ITH 102 202 302	6 ein.
Klipping	KLP 103 202 303 403 503	14 ein.
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL 103	3 ein.
Náttúrufræði	NÁT 103	3 ein.
Permanent	PEM 102 202 302 402 502	10 ein.
Skeggsnyrting og rakstur	RAK 102 201	3 ein.
Þjónustusiðfræði	ÞSF 101	1 ein.
Öryggis- og félagsmál	ÖRF 101	1 ein.

Starfsþjálfun 72 vikur**72 ein.**

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Nám samkvæmt nýrri brautarlýsingu hefst skólaárið 2005-2006. Nemendum sem hafa þegar hafið nám í hársnyrtið á grundvelli fyrri brautalýsinga aðalnámskrár framhaldsskóla er heimilt að ljúka námi skv. þeirri skipan.

Menntamálaráðuneytinu, 7. mars 2005.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

GJALDSKRÁ**fyrir holræsagjald á Fljótshéraði.**

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign á Fljótshéraði eða leigir slíka eign sem holræsi hefur verið lagt í og tengt er fráveitu í eigu sveitarfélagsins ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

2. gr.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,195% af fasteignamati allra húsa og lóða, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

3. gr.

Sé ekkert mannvirki á lóðinni eða mannvirki eru ekki tengd fráveitu í eigu sveitarfélagsins greiðist ekkert holræsagjald. Holræsagjald skal greiða frá og með fyrsta heila alm-
anaksári eftir að bygging er fókheld.

4. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð eða eign-
arland er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með veði í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði án tillits til eigendaskipta.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega. Holræsagjald er heimilt að innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Stofngjald holræsa skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitur í eigu Fljótsdalshéraðs. Gjaldið skal lagt á og innheimt við veitingu byggingarleyfis.

Stofngjald holræsa skal vera sem hér segir:

Landnotkunarflokkur samkvæmt aðalskipulagi	Grunngjald	m ³ -gjald	Athugasemdir
A Byggingar á íbúðarsvæðum, svæðum fyrir verslun og miðsvæðum	37.170	26,53	m ³ gjald reiknast af m ³ umfram 400. Hámarks-gjald er kr. 200.000
B Byggingar á öðrum svæðum (athafnasvæði, iðnaðarsvæði, stofnanasvæði o.fl.)	37.170	26,53	m ³ gjald af m ³ umfram 1.000. Hámarksgjald er kr. 200.000

Þegar um viðbyggingar er að ræða reiknast einungis rúmmetragjald samkvæmt framan-sögðu, nema viðbyggingin krefjist nýrrar heimæðar eða breytinga á heimæð sem fyrir er.

Ofangreind gjöld miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2004 og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir vísitölu byggingarkostnaðar í janúar hvert ár, í fyrsta sinn í janúar 2006.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt Fljótsdalshéraðs um fráveitur sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og var samþykkt af umhverfis- og náttúruverndarnefnd Fljótsdalshéraðs þann 9. febrúar 2005 og staðfest af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs 16. febrúar 2005, til að taka gildi við birtingu.

Egilsstöðum, 16. febrúar 2005.

Anna Björk Hjaltadóttir, umhverfisfulltrúi Fljótsdalshéraðs.

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld á Siglufirði.

1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppdráttu og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í umdæmi Siglufjarðar, skal byggingarfulltrúinn á Siglufirði í umboði bæjarstjórnar innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

Gjöldin miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Innifalið er byggingarleyfi, útmæling og hæðarsetning, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, fohheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt.

<i>Tegund byggingar</i>	<i>kr/m³</i>	<i>Athugasemdir.</i>
A Íbúðarhúsnæði	50	Gjald þó ekki lægra en kr. 48.000
B Iðnaðarhúsnæði	50	Gjald þó ekki lægra en kr. 64.000
C Verslun og þjónusta	50	Gjald þó ekki lægra en kr. 64.000
D Sérhæfðar byggingar	50	Gjald þó ekki lægra en kr. 80.000
E Frístundahús	50	Gjald þó ekki lægra en kr. 40.000
F Aðrar byggingar en tilgreindar í liðum A-E	50	Gjald þó ekki lægra en kr. 40.000
G Stækkun húsnæðis/viðbyggingar o.þ.h.	50	Gjald þó ekki lægra en kr. 24.000
H Niðurrif húsa	0	Fast gjald kr. 5.000
I Endurnýjun eldra byggingarleyfis	0	Fast gjald kr. 5.000

3. gr.

Rúmmetragjald samkvæmt 2. gr. skal reikna af brúttórúmmáli sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og C rýma. Rúmmetra skal námunda í heilan rúmmetra samkvæmt almennum reikni-reglum.

4. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

5. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar. Gjalddagi rúmmetragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

6. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi.

7. gr.

Fyrir þjónustu sem veitt er af hálfu byggingarfulltrúa í umdæmi Siglufjarðar, skal byggingarfulltrúinn á Siglufirði í umboði bæjarstjórnar innheimta þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

8. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir ýmsa þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir greiðast eftirfarandi gjöld:

<i>Tegund þjónustu:</i>	<i>Gjald kr.:</i>
1. Afgreiðslugjald, fast gjald á aðra liði en um getur í 2. og 8. gr. Gjaldið greiðist fyrir hverja einstaka afgreiðslu tækni- og umhverfisnefndar.	1.000
2. Útgáfa stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h.	
a) Eingreiðsla við veitingu stöðuleyfisleyfis sem endurgreiðist þegar gámur er fjarlægður	60.000
b) Stöðuleyfisleyfi fyrir gáma, hjólhýsi o.þ.h., árgjald sem greiðist fyrirfram með gjalddaga í janúar hvert ár	15.000
3. Lóðarúthlutunargjald Óendurkraft, þó lóðinni sé skilað aftur til bæjarins	10.000
4. Eignaskiptalýsingar, hver umfjöllun	5.000
5. Vottorð vegna vínveitingaleyfa	5.000
6. Fyrir húsaleiguúttekt	5.000
7. Fyrir úttekt á verkstöðu vegna lánveitingar	5.000
8. Fyrir grenndarkynningu, minniháttar, að mati nefndarinnar	8.000
9. Fyrir grenndarkynningu, umfangsmikla, að mati nefndarinnar	32.000
10. Fyrir breytingu á lóðarleigusamningi	20.000

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 2005 og reiknast á hverjum tíma í samræmi við gildandi byggingarvísitölu.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar 17. febrúar 2005 með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27., 28. og 29. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, öðlast gildi við birtingu.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Siglufirði, 18. febrúar 2005.

Sigurður Hlöðversson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING**um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.**

Deiliskipulag við Hulduhól á Eyrarbakka.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 9. febrúar 2005 tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð við Hulduhól á Eyrarbakka.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:1000/1:5000 þann 25. febrúar 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 12. maí 2004 til og með 9. júní 2004 með athugasemdafresti til og með 23. júní 2004.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Sveitarfélaginu Árborg, 4. mars 2005.

Grétar Zóphaníasson, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum borgarráðs Reykjavíkur hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að hækka leyfðan hámarkshraða á neðangreindum götum svo sem hér segir:

1. Kringlumýrarbraut, frá Listabraut að bæjarmörkum Kópavogs. Leyfður hámarks-
hraði verður 80 km/klst.
2. Reykjanesbraut, frá Bústaðavegi að bæjarmörkum Kópavogs við Breiðholtsbraut.
Leyfður hámarks-
hraði verður 70 km/klst.
3. Suðurlandsbraut, milli Kringlumýrarbrautar og Skeiðarvogs. Leyfður hámarks-
hraði verður 60 km/klst.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. apríl 2005.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. mars 2005.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997, skólþælustöð.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. mars 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997 frá 30. mars 1978. Breytingin felst í því að skilgreint er iðnaðarsvæði fyrir skólþælustöð við Lónið.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 2. mars 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir sorpurðun Blönduósbæjar, kt. 470169-1769, við Draugagil. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. júlí 2009.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir sorpurðun Höfðahrepps, kt. 650169-6039, í landi Neðri-Harrastaða. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. júlí 2009.

Umhverfisstofnun, 4. mars 2005.

Davíð Egilson forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður stjórn-
sýslusviðs.*

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
304	16. feb.	Gjaldskrá fyrir holræsagjald á Fljótsdalshéraði	451-452
305	18. feb.	Gjaldskrá fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld á Siglu- firði	453-454
306	4. mars	Auglýsing um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg	454-455
307	1. mars	Auglýsing um umferð í Reykjavík	455
308	2. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977- 1997, skólpælustöð	455
309	4. mars	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun	456

